

# ÍSALP

ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS 1994



# VANDAÐAR VÖRUR

## - á réttu verði!



Ítölsku gönguskórnir  
á góða verðinu.

**demon**




Bakpokar  
á góðu  
verði.



Karabínur  
& sigtól.



SVEFNPOKAR  
verð frá 2.800.- kr.



Óþrjótanlegir hitabréðar.



samanburðarprófunum.

Vandaður  
PROTEX  
fatnaður,  
vatnsheldur  
m/útöndun.  
Fengið viður-  
kenningu í



Ísaxir - Mannbroddar  
Ísskrúfur.

**charlet moser**



POLARLITE peysur.  
Verð frá 6.700.- kr.



Fjallalínur og borðar.

**rivery**  **joanny**

**SEGLAGERDIN**  
**AEGIR**  
Eyjasíða 7 · Reykjavík · Posthólf 1659  
Símar 91-621780 · Nafnúmer 9879-1698

**Efnisyfirlit:**

Kvískerjaleiðin	5
Glymur klifinn	9
Tindfjallaskáli í 50 ár	14
Leiðarvísir, klettaklifursvæði	17
Viðtal	32
Þjálfun í kulda	36
Félagsstarf	39
Fréttapistill	41
Ársskýrsla	46
Ársreikningar	47

**Forsíðumynd:**

Úr Helgrindum.  
Ljósm. Jón H. Steingrímsson

**Útgefandi:**

Íslenski alpaklúbburinn  
— félag íslenskra áhugamanna um  
fjallamenndu.  
Pósthólf 1054, 101 Reykjavík

**Ritnefnd:**

Torfi Hjaltason, ábm. s.667094  
Salbjörg Óskarsdóttir, s.25069  
Jón Haukur Steingrímsson, s.43121  
Tómas Grønvaldt Júlíusson, s.622884  
Hörður Magnússon, s.622919  
Björn Vilhjálmsson, s.53410

**Tölvuumbrot á *Calamus SL*:**  
Torfi Hjaltason og Jone

Sérstakar þakkir fá Björn G. Karlsson  
tölvubóndi hjá Nauðsyn hf. og Friðrik  
Skúlasson.

**Filmuútkeyrsla:**

Prentmet

**Prentun og myndvinnsla:**  
G. Ben.

# ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS

10. TÖLUBLAÐ  
DESEMBER 1994

**Ágætu félagar,**

Með þessu tölublaði fylla ársrit Ísalp fyrsta tuginn. Mikið vatn hefur runnið til sjávar í íslenskri fjallmennsku á þessum tíu árum. Megintilgangur blaðsins í gegnum tiðina hefur verið að taka púlsinn á því sem er að gerast að hverju sinni, sem og birta ýmis konar fræðsluefni s.s. leiðarvísa eða eldri ferðafrásagnir. Þar með skráum við samtímasögu íslenskrar fjallamenndu og búum til mjög mikilvægar heimildir fyrir þá sem á eftir munu koma. Tilfellið er, að það sem ekki er safnað saman á einn stað, glatast mjög fljótt. Því verðum við að bera gæfu til að halda vel utan um þessa útgáfu í framtíðinni.

Hópur íslenskra fjallamanna fer ört stækandi og verður með tímanum erfiðara að henda reiður á ferðum þeirra. Fréttapistlinum er samt ætlað eð gera efninu eins tæmandi skil og mögulegt er. Í fréttaleit okkar yfirsést samt örugglega eitthvað og því eru félagar hvattir til að setja sig í samband við ritnefndina hafi þeir einhverjar fregnir að færa. Myndir segja oft meira en mörg orð. Góðar myndir í blaðið eru alltaf vel þegnar hvort sem þær eru lýsandi fyrir atburði ársins eða ekki. Þegar þetta er skrifð í desemberþyrjun er útlit fyrir að það muni takast að koma ársritinu út á réttu ári. Efnisöflun í næsta ársrit er komin á góðan rekspöl og gera svartsýnustu ritnefndarmenn ráð fyrir útgáfu á komandi vori. Þar með ætti útgáfan að vera komin á réttan kjöld.

J.H.S.

**Stjórn Ísalp 1994:**

Formaður: Magnús Tumi Guðmundsson, s.26357  
Varaformaður: Páll Steinsson, s.689048  
Gjaldkeri: Ingimundur Stefánsson, s.884547  
Ritari: Linda Björk Þórdardóttir, s.622919  
Meðstjórnendur: Árni Gunnar Reynisson, s.44217  
Elín Sigriður Sigurðardóttir, s.20579  
Jón Þorgrímsson, s.75011

Skálanefnd: Guttormur B. Þórarinsson, s.22712  
Jón Þorgrímsson, s.75011

Fræðslunefnd: Torfi Hjaltason, s.667094  
Snævarr Guðmundsson, s.654606

Ritstjóri fréttabréfs: Elín Sigurðardóttir, s. 20579

**Ferða- og fundanefnd:** Símon Halldórsson, s.51764

Þorvaldur Þórsson, s.74090  
Þórarinn Pálsson, s.72954  
Valgeir Ægir Ingólfsson, s.670271  
Jökull Bergmann, s.811982

**Húsnefnd:**

Árni Gunnar Reynisson, formaður  
Björn Baldursson, s. 36854

**Uppstillinganefnd:**

Jón Þorgrímsson, formaður  
Hallgrímur Magnússon, s.20579  
Árni Tryggvason, s.619469

**Umhverfisnefnd:**

Jón Viðar Sigurðsson, s.10587  
Ingimundur Stefánsson, s.884547  
Árni Tryggvason, s.619469



Jói á hjólinu með „Dyrhamarinn“! í baksýn.  
Ljósm. Tómas Júlíusson.



Alpatvist. Í Goûter leiðinni á Mt. Blanc.  
Ljósm. Þorvaldur Þórsson.

# Kvískerjaleiðin

Eftir Tómas Grønvaldt Júlíusson

„Nei blesaður vertu við kunnum ekkert að hjóla, en alla ferða- og fjallamennsku kunnum við uppá tíu!“ Við vorum staddir í reiðhjóla-verslun í stórborginni, tveir sveitamenn að norðan, að reyna að sannfæra saklausan verslunareigandann um ágæti þess að hjóla á hæstu tindum og jöklum og að láta okkur í té reiðhjól á afslætti gegn auglýsingu. Það gekk.

Seinna um sumarið fórum við, undirritaður og Jóhann Kjartansson, á hjólunum upp á Snæfell, Kverkfjall eystra og Bárðarbungu. Næst var það Hvannadalshnjúkur. Í Skaftafelli hittum við fyrir two Akurnesinga, Hjört og Maríus, sem einnig hugðust fara á hnjkinn og slögust peir með í förl. Voru þá sveitamennir orðnir fjórir, saman komnir á svæði sem enginn okkar hafði stigið fæti á ádur. Kunnugir sögðu okkur að það væri engin glóra í því að fara á Hvannadalshnjúkinn núna því hann væri allur krossprunginn. Harðir fjallagarpar höfðu meira að segja snuíð við með skottið lafandi. Við léturnum þetta sem vind um eyru þjóta og drifum okkur af stað nestadríð með axir, brodda, línu, pumpu, skrúfjárn og skiptilykla og að sjálfsögðu reiðhjólinum.

Lagt var í ‘ann á miðnætti, svefnfriður var þá orðinn líttil því Verslunarmannahelgin var gengin í garð og best að hverfa um stund úr rammíslenskri menningunni, á vit ævintýranna. Á Sandfellsheiðinni var lágskýjað eins og undanfarna daga en enga fjallasýn höfðum við haft fram að þessu. En þegar kom upp á öskjubarminn í 1850m hæð gengum við upp úr skýjunum og blasti þá við okkur morgunroðinn og fjalladýrin í öllu sínu veldi. Nokkrum andartökum síðar náði sólin að teygja arma sína upp á einn af toppum jökulsléttunnar og baða okkur í gylltum geislum sínum. Þetta var afar fögur sjón og hlupum við upp til handa og fóta til að ná myndum af þessu fyrirbæri. Á jökulsléttunni var frábært hjólfafæri og tókum við strax nokkra hringi til þess að ná sem bestum myndum fyrir verslunareigandann í stórborginni.

Við héldum áfram hamingjusamir með lífið og tilveruna og blöðruðum eins og smástelpur

um heima og geima. Enginn okkar leit á kort, enginn tók stefnur, enginn hafði komið þarna áður og enginn minntist einu orði á það hvert og í hvaða átt við ættum að fara. Það var bara gengið og hjólað eins og í dáleidslu yfir sléttuna í átt að toppnum þar sem sólin hafði náð að hífa sig upp á og tylt sér um stund. Þegar við komum að því sem við töldum vera Hvannadalshnjúk þótti okkur sprungurnar frekar ve-sældarlegar miðað við lýsingar kunnugra úr Skaftafelli. Þetta væru nú varla miklir fjallagarpar sem snéru við út af svona smámumum. Til málamynda hnýttum við okkur saman í línu og vippuðum okkur síðan einn af öðrum yfir þessar „stórhættulegu sprungur“.

Stuttu seinna stóðum við allir á toppi „hnjúksins“ sigri hrósandi og af því tilefni var skálað í Gammel Dansk og íslenskum rjóma. Nú var tækifærið að taka myndir af uppstilltu reiðhjólinu með firmaveifum allt í kring og einum stórglæsilegum fjallstopp eða hnjkú í bakgrunni. Þessi toppur reis nokkuð hátt upp úr sléttunni með þverhníptum klettum öðru megin og virtist ekkert mikið lægri en sá sem við stóðum á. Okkar blásaklausa brjóstvit sagði að þetta væri Dyrhamar og enginn andmælti því. En fjandi var hann hár. Þokubakkar tóku skyndilega að læðast upp á sléttuna og var þá ekkert annað að gera en að drífa sig niður. Til trausts og halds gróf ég áttavitann upp úr bakpokanum og tók stefnu af „hnjúknum“ sem við vorum staddir á og á þann stað sem við komum upp á sléttuna og ætluðum niður. Við vorum enn utan í hnjkúnum þegar að þokan náði okkur og þá var, í fyrsta skipti, tekið upp kort og spáð örliðið í hlutina. Kom þá í ljós að stefnunni minni og stefnunni á kortinu bar engan veginn saman. Var ákveðið að ég og míin stefna værum lítið marktæk og því skyldi gengið eftir kortinu. Aðeins stuttu eftir að við lækkuðum okkur af öskjubarminum lentum við í sprungum sem samkvæmt okkar kokkabókum áttu alls ekki að vera þarna. Héldum við að þarna væru efstu sprungurnar í falljöklinum sunnan við Hvannadalshnjúk og tókum þá strikið enn sunnar til að losna við frekari vand-

ræði. En allt kom fyrir ekki. Hvar og hvert sem við fórum var allt vaðandi í ófrýnilegum sprungum og þokan þéttist enn meir. Það var álíka ástatt með okkur og flóm á filsbaki, við vissum ekki hvar í veröldinni við vorum staddir. Nú var aðeins eitt sem komst að í huga manns og það var að ganga niður, ekkert bull með norður, suður, austur eða vestur. Sprungurnar fóru ört staikkandi og tók það ansi langan tíma að komast fyrir þær sumar. Einstaka voru brúðar snjó sem hægt var að komast yfir á og á leið yfir eina tók ég eftir því að bæði fremsti og aftasti maður í fjörtíu og fimm metra langri línu voru staddir samtímis á sömu brúnni. Eftir nokkura tíma hringsól í sprungunum slysuðumst við til þess að finna hrygg sem við gátum fylgt niður nokkurn spöl. Þegar honum sleppti tóku við glærir, finsprungnir skriðjöklar sem voru mun auðveldari yfirferðar en jökullinn ofar.

Þokunni var tekið að léttu og sáum við niður á fast land, jökullón og einhversstaðar í fjarska grilltum við í sveitabæ. Á skriðjöklinum gekk ég fyrstur í línumni en Jói kom síðastur. Ég strunsaði áfram á mikilli ferð og stökk yfir mjóar spungurnar en Jói, sem var mun klofstyrttri en við hinir, þurfti alltaf að athafna sig örlítið á sprungubarminum áður en hann tók stökkið

með hjólið. Við dokuðum á meðan. Í eitt skiptið gleymdu við hins vegar að bíða og gengum röskir áfram. Jói, sem átti sér einskis ills von, tók sér stöðu á sprungubarminum og var í þann mund að stökkva þegar góður kippur kom á línumna og hann endasentist yfir sprunguna. Ég leit við þegar ég heyrði skarkalann og sá Jóhann vesalinginn liggja hálfhlæktan í hjólinu, með mannbrottdana á kafi í framdekkinu. Hann leit á mig með gedveikisglampa í augunum um leið og svart brumuský steig upp úr höfði hans. Eftir þetta passaði ég mig á því að hafa alltaf vel strekkt á línumni til að hann næði ekki í mig.

Fljótlega upp úr þessu komumst við niður af jöklinum en þar skildu leiðir okkar fjögurra. Hjörtur og Malli ætluðu að sækja sér orku í berjamó og dóla síðan niður en ég og Jói tókum strikið niður í menninguna til að láta vita af ferðum okkar. Landslagið þarna er hrikalegt, brött og djúp gil og gljúfur, klettar og fossar. Þegar við komumst niður úr þessu öllu saman sáum við bæinn sem höfðum stefnt á í seilingarfjarlægð. En einn var hængur á. Á milli okkar og bæjarins var straumhörd jökulá. Það var annað hvort að ganga langa leið niður á þjóðveg og fara yfir á brúnni eða vaða. Við létum vaða. Ég, 15 kílóum þyngri, fór á undan bundinn í línu við Jóa og komst yfir með naum-



Hallgrímur Magnússon í létti sveiflu á Virkisjökli. Ljósmynd Hörður Magnússon.




Okkar blásaklausa brjóstvit sagði að þetta væri Dyrhamar og enginn andmælti því. En fjandi var hann nú hár.  
*Ljósmynd Tómas Júlíusson.*

indum. Þegar Jói var síðan kominn út í miðja á flaut hann upp eins og korktappi og ég rétt náði að draga hann að landi, ekki mjög skapgöðan. Þegar við komum að bænum hittum við fyrir two eldri menn, nauðalíka hvor öðrum ef ekki bara tvíburar. Þeir sátu uppi á mæni á hlöðunni íklæddir áburðarpokum til varnar rigningunni. Sögðum við þeim sögu okkar, að við værum að koma hjólandi ofan af Hvannadalshnjúk, trúlega fyrstir manna. Þeim þótti þetta afar forvitnilegt en ennþá merkilegra þótti þeim valið okkar á niðurleiðinni. „Ja...“ kvað annar „þetta er nú ekki vanalega leiðin“. Við vissum allt um það.

Jói fékk að hringja í Skaftafell til að láta vita af komu okkar niður. Þegar hann var svo spurður hvar við værum staddir vissum við ekkert í okkar haus. Nú vorum við í djúpum skít. Ekki gátum við sagt að við vissum bara ekkert hvar við værum staddir, og þaðan af síður spurt heimilisfólkid hvað bærinn þeirra héti. Hvað myndi fólkid halda. Nú var úr vöndu að ráða. Ég skimaði í kringum mig í forstofunni í leit að vísbendingu. Pósturinn! Ég þreif eitt umslagið sem lá á gólfina og las á það. Okkur var borgið. Þarna stóð það svart á hvítu: Kvísker. Hinum megin á línunni ætlaði allt að verða vitlaust úr

hlátri þegar Jóa tókst loks að stynja þessu upp úr sér.

Mánuði síðar vorum ég og Jói í stórborginni að ganga frá okkar málum við verslunar-eigandann. Af einhverri rælni römbuðum við inn í bókabúð og skoðuðum póstkort, m.a. af Hvannadalshnjúk. „Jói, er þetta virkilega Hvannó, en við fórum á þennan þar....na. Nei fjandinn, ég skil bara ekkert í þessu.“ Við réðumst á næstu kortahillu og þrifum fram kort af Öræfajökli. Á næstu sekúndum varð okkur ljóst hvílík mistök okkur hafði orðið á. Hnjúkurinn sem við gengum á og héldum að væri Hvannó var Sveinstindr og það sem við héldum að væri Dyrhamar var Hvannó. Og í stað þess að fara niður af öskjubarminum vanalegu leiðina (vestan við Rótarfjallshnjúk, Sandfellsleiðina) fórum við niður sunnan við Sveinsgnípur. Þögulir gengum við úr bókabúðinni niður Laugaveginn, þungt hugsi. Við litum framan í hvorn annan og sprungum úr hlátri yfir öllu þessu rugli. Hvernig í ósköpunum er hægt að gera svona mistök? Ég er auðvitað löglega afsakaður því alla mína ferða- og fjallamennsku lærði ég í skátunum í gamla daga, af Jóa. Það var því engin furða þó Kvískerjabræður yrðu ei-litið hissa á að sjá okkur í hlaðinu hjá sér.



# Glymur klifinn fyrsta sinni

Eftir Pál Sveinsson og Þorvald V. Þórsson

Glymur: Að klífa Glym var ekki mín hugmynd. Það eru mörg ár síðan ég fyrst heyrði um áhuga manna að klifra þennan fræga foss. Hugmyndin festist fyrst í undirméðvitundinni þegar nokkrir kunningjar mírir fóru upp Glymsgil skömmu eftir áramót '93-'94. Þá var gilið allt í klakaböndum og hægt að ganga þurrum fótum alla leið inn í botn. Að sögn þeirra félaga var fossinn kleifur en það væri ekki nema fyrir hálfþrjálaða menn. Þeir töldu að ekki væri hægt að tryggja klifrið að neinu ráði. Þeir félagar klifruðu two ísfossa neðar í gilinu og létu vel af því klifri, töldu það alveg ferðarinnar virði.

Laugardaginn 5. mars fórum Tómas, Geir og ég að skoða ísinn í Glymsgili og klifum við einn af fossunum neðarlega í gilinu. Eftir það gengum við upp fyrir gilið til að skoða Glym. Ég var enn á þeirri skoðun að þetta væri hin mesta firra. Hafði séð fossinn að sumarlagi og fannst að svona mikið vatn mundi seint frjósa. En var þó að drepast úr forvitni og vildi sjá fossinn með eigin augum og kanna alla möguleika. Eftir að hafa brölt út á ystu brúnir og komið mér í stórhættu var ég farinn að hallast að því að það væri fær leið upp úr gilinu. Glymur fellur ekki heill niður, heldur klofnar smá vatnsrenna frá honum upp við brún. Þessi læna er mun vatnsmanni og myndar mjög stórt íspíl til hliðar við aðalfossinn. Þetta þil var mjög álitlegt til klifurs. Ég purfti þó að melta hugmyndina í nokkra daga áður en mig fór að langa verulega mikið til að reyna að klífa fossinn. Það leið þó ekki nema vika þangað til ég var farinn að

kanna áhuga vina minna. Olli, Maggi og Geir voru til í slaginn og Einar ætlaði að sjá um að allt væri myndað í bak og fyrir.

Þar sem ekki er hægt að komast inn gilið þurrum fótum nema eftir mjög langan frostakafla vorum við með línum til að síga niður í gilið inni við botn. Ekki var vitað hversu gilið var djúpt þar sem við ætludum að síga niður. Ekki sást til botns og þegar ég lagði af stað fram af brúninni vissi ég ekki hvort línan næði niður en vonaði að 100m dygðu. Það var yfirþyrmandi að stíga fram af brúninni. Nokkur djúp andartök liðu á meðan ég naut áhrifanna. Ég tafði ekki lengi og fór að mjaka mér niður línuma. Það gekk þó hægt því hundrað metrar af línu síga í. Heldur fór að ganga betur þegar neðar dró. Línan náði ekki niður og vard ég að bæta annarri við. Á meðan Olli og Maggi voru að koma sér niður fór ég að leita að líklegrri leið upp. Svipað vandamál er að vera niðri og uppi, það sést ekki alla leið upp (niður) og gat ég ekki séð nema tvær fyrstu spannirnar. Við ákváðum að fara upp smá gróf lengst til vinstri í aðalhvelfingunni.

Við vorum allir sammála um að ég byrjaði að leiða fyrstu spönn. Hún skiptist í þrjá lóðréttu hluta með misbröttum köflum á milli. Línan endaði á heppilegum stað. Ég fann smáskúta til að hola mér inn í. Hann var þó ekki stærri en svo að þegar Maggi var að koma sér fyrir við hlið Olla hrundi hluti af syllunni og Maggi komst ekki almennilega fyrir. Olli: *Ég gerði mig kláran í snatri fyrir fyrstu spönn og Palli beið ópolinmóður á meðan. Þegar ég sagði*



Tómas Júlíusson í Glymsgili. Ljósmynd Páll Sveinsson.

honum að byrja spólaði hann af stað í œsingnum á að byrja á klifrinu sem fyrst. Palli byrjaði að klifra og hamaðist upp þverhníptan ísvegginn af miklu ör-yggi og hvarf brátt upp fyrir brúnina um 10m fyrir ofan mig. Brátt var línan búin og ég gerði mig kláran í flýti og klifraði upp lóðréttu rennu. Þegar ég kom upp fyrir næstu brún sá ég Palla brosa sínu breiðasta á mjög góðum stað undir klettanefi tals-verð fyrir ofan mig. Ég flýtti mér til hans og bauð mér sæti við hliðina á honum og þurfti að berja frá nokkur grýlukerti til að búa til gott pláss. Ekki voru strákarnir allt of spenntir að taka við að leiða svo ég gaf þeim engan möguleika á að skipta um skoðun og hélt af stað í aðra spönn. Þessi var heldur stífari, mun brattari og stanslaus. Það var þó ekki hægt að kvarta, ég kom inn góðum ísskrúfum reglulega. Eins og eftir fyrstu spönn þá birtist smáskúti eins og himnasending þegar línan kláraðist. Við höfðum með okkur talstöðvar til að hafa samband við Geir og Einar uppi á brún. Við vorum orðnir hálfvilltir, sáum ekkert hvert væri best að fara næst. Sam-kvæmt ráðleggingum brúnamanna sveigðum við til vinstri. Olli: Við tókum Magga upp og fór Palli þá strax að grœja sig í næstu spönn. Palli var

brátt kominn af stað og þokaðist hægt en örugglega á ská upp langan lóðréttan kafla. Þegar hann hafði puðað í talsverðan tíma leit hann til okkar og gretti sig en við brostum til hans eins og ekkert væri. Á meðan Palli puðaði tókum við myndir og virtum fyrir okkur gljúfrið og reyndum að finna færa leið upp ísskænið í klettunum á hinum barmi gljúfurins og vorum við á einu máli um að þar fær enginn heilbrigður maður upp. Palli var nú horfinn upp fyrir brúnina 35m ofar og það eina sem við sáum var stöðugur straumur af íshróngli og snjó sem hrundi niður. Geir sagði okkur í beinni útsendingu (í tal-stöðinni) hvað Palli væri að gera. Okkur fannst þægilegt að hafa mann á brúninni þar sem bið eftir að fá að klifra er alltaf með endemum langdregin. Nú vorum við Maggi vaktir af dagdraumum okkar þegar kippt var duglega í línuna. Palli var greinilega tilbúinn og hafði verið rétt rúman klukkutíma með spönnina. Ég sagði við Magga: „Annað hvort er Palli eitthvað veikur í dag eða þessi spönn er tals-verð erfiðari en hún lítur út fyrir að vera“. Ég stóð upp og fór að grœja mig. Ég var ekki lagður af stað þegar heyrðist allt í einu BRÚÚÚÚMM!!! og ægilegar drunur fylltu loftið. Þessum drunum virtist aldrei œtla að ljúka og var eins og maður væri



... og hann lyftir höndum sigri hrósandi; Olli.

Ljósmynd Páll Sveinsson.



Palli „slauksamur“ í að ljúka verki. Úr safni P.S.


togaður niður með öllu draslinu. Þar sem við vorum staddir í vari sáum við ekki sjálfan Glym og vissum ekki nákvæmlega hvaðan hrundið kom né hvar hrundi úr. Þegar látunum linnti spurði Maggi Geir hvað hafði gerst og sagði hann að stór hluti af ís-brúninni við sjálfan Glym hefði gefið sig og hrundið niður. Ég harkaði af mér, reyndi að kreista fram bros og kvaddi Magga. Þegar ég hafði hliðrað mér út í sjálft klifrið fann ég strax skýringar á erfiðleikum Palla. Veggurinn var allur alsettur stórum holum eða innskotum sem voru fullar af púðursnjó og þegar ég barði ísöxinni í snjóinn festi hún sig ekki heldur braut niður hrúgu af smáum kertum sem voru fyrir í holunni. Það var sem sagt aðeins hægt að fá góða festu á stöku stað. Mér leið eins og riddara á skákborði sem getur aðeins stoppað á ákveðnum stöðum. Ég hugsaði með mér að ég hefði nú ekki verið með sama glottið ef ég hefði þurft að leiða þessa spönn. Eftir, að því að mér fannst vera 5 mínútur, var ég kominn upp á brún og sá þar glitta í Palla hálfan ofan í lítilli holu undir slútandi klettabelti. Þegar Palli sá mig sagði hann: „Vá þú varst fljótur, ekki nema hálftíma og ég var klukkutíma“. Ég spurði Palla um hrundið. Úff! hjartað í mér var nærrí því farið niður með öllu draslinu.

Priðja spönn var léttust. Priðjugráðu brölt. Enn tókst mér að klára línuna og komast í góðan stans. Við vorum farnir að sjá fyrir endann á þessu núna. Það var aðeins ein spönn eftir upp á topp. Heldur var farið að draga af okkur félögum núna. Þetta var þó minn dagur. Það var langt síðan ég hafði verið í eins góðu formi og notið míin jafn vel. Olli: Eftir smáfund var ákveðið að fara stystu leið til að ná upp á brún fyrir myrkur. Við vorum orðnir frekar tæpir á tíma og ákváðum að Palli skildi leiða restina svo við færum ekki að dingla þarna í myrkri. Palli var mjög ánægður með þetta og var fljótur með næstu spönn. Þegar ég kom upp til hans sá ég hann enn einu sinni í frábærum stans. Nú var loks hægt að sjá brúnina beint fyrir ofan okkur sem slátti nokkra metra fram og héngu þar risavaxin grylukerti. Ég kom mér fyrir í skútanum hjá Palla og eins og áður var Maggi tek-in upp síðastur.

Ég verð að eyða nokkrum orðum í síðustu spönn svo frábær var hún. Fyrst var lóðrétt svert kerti, allt í litlum ískertum sem ekkert festist í. Eftir nokkra metra komst ég á bakvið kertið og klifraði hring um það (mjög góð trygging). Síðan komu tvö lítil þök þar sem gömul

# Fjallamenn og annað ferðafólk !

**EIGNIST ÁRBÆKURNAR  
einstök heimildarrit um landið**



Efni árbókanna nær til flestra landshluta. Þær eru fróðleg lesning fyrir Íslandsferðir og ómissandi ferðafélagi.

Árbókin 1994 er 67. árbók Ferðafélagsins.  
Árgjaldið er kr. 3.100.– og er árbókin innifalin.  
Hún ber heitið „Við ystu Strandir norðan Djúps“ og fjallar um Hornstrandir, Jökulfirði og svæði þar í grennd.

---

Ferðafélag Íslands  
Mörkinni 6 (austast við Suðurlandsbraut)  
108 Reykjavík  
sími 682 533 fax 682 535



Skytturnar þjáð: Palli, Olli og Maggi.

kerti höfðu hrunið, þar var ísinn frábær. Það er mögnuð tilfinning að klifra í slútandi ís og þurfa ekki að hafa áhyggjur af festum. Þá komst ég í helli á stærð við góðan bílskúr sem var kærkomin hvíld fyrir síðasta kertið sem náði upp á brún. Það var holt að innan og barði ég í gegn á köflum. Svo var það toppurinn á tilverunni, smá hengja í lokin til að ganga endanlega frá síðustu kröftunum.

Olli: Palli var nú kominn enn einu sinni af stað og hvarf fljótt bakvið stórt kerti beint fyrir ofan okkur. Nú hóf Geir sína venjulegu beinu útsendingu á því hvað Palli væri að gera en á meðan tróð Maggi „bæjarins bestu samlokum“ í andlitið á sér. Stuttu seinna heyrðum við Geir segja „hann er kominn upp“. Ég gerði mig kláran í snatri og sagði Magga að hætta að borða en hann var sennilega búinn með 2-3 samlokur. Ég hliðraði mér til vinstri utan á lóðréttu kerti og klifraði síðan upp nokkra metra og vippaði mér bakvið kertið sömu leið og Palli hafði farið. Bakvið kertið var þróng hola sem mér tókst með naumindum að troða mér í gegnum. Ég hálf kraup nú í þróngri stöðu undir íspaki og sá að línan hvarf upp fyrir brúnina. Ég slengdi annarri öxinni upp og út fyrir brúnina og tókst að festa hana og

hálf hékk neðan í þakinu meðan ég barði hinni öxinni upp fyrir mig. Ég sleppti fótunum og sveiflaði mér út fyrir brúnina og hamaðist við að ná fótfestu. Þegar það tókst klifraði ég um 10m upp og var þá kominn upp á breiða syllu undir sjálfri brúninni sem slítti talsvert fram yfir mig. Þetta var einskonar hvelving þar sem hrikalega breitt kerti náði frá brún og alla leið niður á sylluna. Ég gaf mér engann tíma til að virða fyrir mér þennan stórbrotta stað eða taka myndir heldur réðst strax á síðasta hluta leiðarinnar. Sú hugsun að komast upp á brún gaf mér spark í afturendann og klifraði ég af miklum eldmóð síðasta kafla leiðarinnar. Ég hætti ekki fyrr en brúninni var náð og klóraði mig upp hengjuna sem Palli hafði grafið sig í gegnum. Ég stóð á brúninni í sigurvímu með breitt bros á vör og lyfti báðum höndum upp fyrir höfuð sigri hrósandi!!

Við fórum léttstu og stystu leið sem finna má upp Glym. Gráduna tel ég vera fimmtu vegna lengdar og hversu stanslausir erfídeikarnir voru. Tíminn á eftir að leiða í ljós hvort fossinn er í lettari eða erfíðari aðstæðum á örðrum tínum. Það má bæði finna lengri og erfíðari afbrigði og er það verðugt verkefni fyrir næstu klifrara að kanna fleiri möguleika.

# Tindfjallaskáli í 50 ár

eftir Magnús T. Guðmundsson

Í 15 ár hefur Tindfjallaskáli verið í umsjá Alpaklúbbsins og eiga flestir klúbbfélagar góðar minningar úr ferðum þangað. Þessi snotri skáli er fyrir löngu orðinn einn af föstu punktunum í starfsemi klúbbsins. En saga skálans er mun lengri sögu Alpaklúbbsins því á þessu ári (1994) voru 50 ár liðin frá byggingu hans. Margt af því fólk sem þátt tóku í smíðinni eru nú látið. Það sem hér fer á eftir er að mestu byggt á viðtöllum og greinum sem birtust í dagblöðum á árunum 1939–1966 en Ari Trausti Guðmundsson létt mér góðfúslega í té blaðaúrklippur foreldra sinna um Fjallamenn og Tindfjallaskála.

Félag Fjallamanna var stofnað 1939 og Guðmundur Einarsson frá Miðdal formaður þess frá upphafi og aðaldrifkraftur. Starfið fór af stað af miklum krafti, sumarið 1939 var haldið námskeið í fjallamennsku í Kerlingarfjöllum og árið eftir var byggður skáli á Fimmvörðuhálsi. Mikil áform voru uppi, skálinn á Fimmvörðuhálsi átti að verða sá fyrsti af þremur sem byggðir skildu á 6 árum. Hinir tveir skyldu staðsettir í Pórisdal og við Goðaborg á Vatnajökli en þessum áformum lýsti Guðmundur frá Miðdal í grein í dagblaðinu Vísi 22. apríl 1939. Skömmu eftir stofnun Fjallamanna skall heimsstyrjöldin á og í kjölfarið hækkaði verð á timbri og öðru efni til húsbygginga. En Fjallamenn létu það ekki aftra sér. Áætlununum var breytt og næsta skála valinn staður við Tindfjallajökul

enda sýndist mönnum að þannig yrði auðveldara fyrir menn að ganga um Tindfjallajökul í Þórmörk og þaðan yfir Fimmvörðuháls í Skóga.

Efni í nýjan skála var fengið viða að, m.a. fékkst töluvert af rekavið af söndunum á suðausturströndinni. Allt efni var sniðið til í Reykjavík veturninn 1943–1944 en yfirsmiður var Þórður Þorsteinsson. Teikninguna gerði hins vegar Jón Viðis mælingamaður en hann teiknaði flesta af fyrstu skálum Ferðafélagsins.

Á Jónsmessunni 1944 fóru Fjallamenn í Tindfjöll að reisa skálann. Lagt var upp með skálaefnið á 40 reiðingshestum frá Hlíðarenda í Fljótshlíð en sú leið var talin greiðfærust. Ferðin uppeftir gekk stóráfallalaust og strax daginn eftir, þann 25. júní, var grindin risin og risveisla haldin. Um 20 manna hópur vann við smíðina í um vikutíma en þá var skálinn nánast tilbúinn að utan. Seinna um sumarið fóru 8 manns aðra vikuferð og voru þá innréttigar smiðaðar. Stóð húsið því fullbúið í lok sumars. Lögun hússins var nokkuð sérstök og þótti sumum það hafa kirkjulag. Stafaði það af því að vesturstafninn var mjórrí en meginhúsið. Að innan var húsið svipað því sem er í dag nema hvað svefnloft var eftir því endilöngu. Gistirymi var fyrir um 20 manns.

Skálinn varð vinsæll meðal ferðamanna og á páskum fóru allfjölmennir hópar í Tindfjöll á vegum Fjallamanna. Árið 1946 var t.d. haldið skíðanámskeið og kenndi þar sánskur



Afmælisbarnið. Ljósmynd Magnús Tumi Guðmundsson.

skíðakappi, Nordenskjöld að nafni. Suma páskar voru þátttakendur yfir 30 og gisti þá hluti hópsins í snjóhúsum. Fór líka svo að fleiri hús voru byggð af litlum hópum áhugasamra einstaklinga: Tindfjallasel í Smáfjöllum á 6. áratugnum og Miðdalur á þeim sjóunda.


Guðmundur Einarsson gegndi formennsku í Fjallamönnum til dauðadags en hann lést 1963. Deyfð færðist yfir félagið eftir fráfall Guðmundar en þá ákváðu nokkrir félaganna að endurlífga félagskapinn. Fóru þar fremstir í flokki Ólafur Þorsteinsson, Einar Sæmundsson, Friðþjófur Hraundal og Þórsteinn Bjarnason. Er óvist að Tindfjallaskáli væri enn uppistandandi ef ekki hefði komið til framtak þessara manna því þeir lagfærðu húsið og endurbýggðu að nokkrum sumarið 1966. Voru þá byggðar geymslurnar beggja vegna andyrsins og svefnloftið minnkad í núverandi horf. Við þetta missti skálinn sinn sérstæða svip en varð fyrir vikið notadrýgri og þægilegri auk þess sem mörgum fannst húsið fallegra eftir breytinguna. Þessar framkvæmdir í Tindfjöllum urðu síðustu afrek félags Fjallamanna. Upp úr 1970 má telja að félagið hafi liðið undir lok en þá hafði öll reglugleg starfsemi legið niðri um nokkra hríð.

Fljótlega eftir stofnun Alpaklúbbsins árið 1977 vaknaði þar áhugi á að taka við umsjón Tindfjallaskála. Ræddu þáverandi stjórnarmenn íSALP við forystumenn Fjallamanna sálugu, þá Ólaf Þorsteinsson og Einar Sæmundsson og varð að samkomulagi að klúbburinn tæki við skálanum. Síðan hefur húsið verið í okkar umsjá og hefur klúbburinn haldið því við eftir mætti. Fyrir nokkrum árum var sett nýtt gólf í húsið og nú í sumar, á 50 ára afmælinu, fékk það talsverða andlitslyftingu og munar þar mest um nýtt þak. Hefur Guttormur Þórarinsson haft forystu um framkvæmdirnar en hann hefur haft umsjón með húsinu lengst af.

Eins og hér hefur verið rakið, á Tindfjallaskáli merka sögu sem samofin er þróun fjallamennsku á Íslandi. Húsið á Fimmvörðuhálsi er löngu ónýtt og nýtt hús risið á grunni þess. Skálinn í Tindfjöllum er því elsta hús á landi sem beinlínis er byggt með þarfir fjallgögumanna í huga. Það er því skylda okkar í Alpaklúbbum að halda húsinu við og varðveisita það. Þannig sköpum við okkur áframhaldandi aðstöðu til skemmtilegra fjallaferða auk þess sem við heiðrum minningu frumherja fjallamennsku á Íslandi.

# LÁTUM LANDIÐ Í FRÍÐI

Hendum ekki sígarettustubbum  
eða flöskubrotum á víðavangi.



## Klettaklifursvæði á Íslandi

Valshamar, Hnefi, Skinnhúfuklettar og Hnappavellir

Snævarr Guðmundsson og Björn Baldursson

tóku saman

Hér á árum áður var klettaklifur sá hluti fjallamennskunnar sem gott þótti að kunna einhver skil á, svona þegar í harðbakkann sló. Eldri félagar Ísalp muna eflaust enn þá daga þegar klettaklifur var sagt illmögulegt að stunda hér lendis vegna þess hve bergið í fjöllunum væri lélegt. Í þá tíð réðu ríkjum hinum svokölluðu hífa/slaka æfingar, klettaklifuræfingar sem snertu klettaklifur minnst. Það, að klifra eingöngu í klettum, pekktist ekki svo klifuræfingarnar fóru meira í bjargsig en góðu hófi gegndi. Annað sem stóð klifrinu fyrir þrifum var hve óaðgengilegt það var, m.a. skortur á klifursvæðum sem helst voru álitin finnast í fjöllum, en ekki þótti góður síður að klifra neðan snælinu.

Síðar, þegar áhugasamir klifrarar fóru að leita klifurstáða og góðra kletta; fundust mörg hæf svæði á láglendi, í öllum landshornum. Klifrað hefur verið á slíkum svæðum, allt frá 1978, þó að fyrstu árin hefdu nú á dögum varla talist sportklettaklifur. Helstu kostirnir við hamra sem ekki eru í fjalllendi eru hlýrra veðurfar og að auðveldari aðkoma leyfir fleiri klifurstundir en áður.

Seinna meir beindist klifrið svo í þann farveg sem einkennt hefur það erlendis. Þar er ekki nauðsynlegt að halda til fjalla heldur duga hamrar og klettar, hvar sem þeir finnast. Eftir 1980 fór klettaklifur að verða sérhæfðara og

upp úr því leit fyrsta raunverulega klifursvæðið, í Stardalshnúk, dagsins ljós. Leiðarvísir um það svæði gaf Íslenski alpaklúbburinn út árið 1986.

Flest klifursvæðin, sem nú eru vinsælust, eru ekki í fjalllendi heldur í hömrum og klettaborgum á láglendi. Um nokkur þeirra fjalla eftirfarandi leiðarvísar. Þau eru Valshamar í Eilfssdal, Hnefi í Esju, Skinnhúfuklettar í Vatnsdal og þeirra stærsta, Hnappavallahamrar í Öræfum. Einnig er stiklað á örðrum svæðum sem klifrað er á. Lesefni um sportklettaklifur á Íslandi er fyrst og fremst að finna í ársritum Íslenska Alpaklúbbsins en þar er greint frá öllu því nýjasta sem gerist í þessari íþrótt.

### Inngangur

Klettaklifur hefur á níunda áratugnum tekið stórstígum framförum hér heima, aðallega vegna þess að þá fóru klifrarar fyrst að einbeita sér að berginu. Þróun sportsins hefur verið örari en nokkurrar annarrar greinar, sem telst til fjallamennsku, einungis vegna þess hve aðgengilegt það er. Að auki bættist svo æfingaaðstaða, þegar farið var að reisa innanhúsveggi. Árangurinn af því samanlöögðu má greinilega sjá á því að nú er klettaklifur hér á Íslandi margfalt betra en fyrr þekktist. Einu öðru er einnig hægt að þakka framfarirnar en það eru boltar. Með tryggingarboltunum jukust möguleikarnir til að klifra erfiðar en fyrr. Sú útvíkkun

á sjóndeildarhringnum hefur sennilegast verið klifrinu til meiri framdráttar en nokkuð annað, að frátöldum fyrrgreindum ástæðum. Boltun leiða er hins vegar alltaf í stöðugri endurskoðun klifrara og það er langt í frá að allsstaðar leyfist að bolta.

Leiðir sem hafa verið boltaðar tilheyra ákveðnum svæðum en á öðrum er þeim haldið frá. Með að skapa þá hefð, sem nú þegar er vel á veg komin, verður líklegast best að halda ofnotkun bolta í skefjum. Þáttur klettaklifrara verður samt ætíð mikilvægastur, það er að vera vakandi yfir því hvar og hverjur eru að bolta.

Þó að berglög, í íslenskum fjöllum séu yfirleitt laus og illa fallin til klifurs þá finnast hér og þar berghleifar og innskot úr föstu og traustu bergi. Slíkar bergtegundir myndast oft á miklu dýpi í jardkskornunni og finnast viða á láglendi, þar sem mikið hefur rofið ofan af. Íslenska bergið er ólíkt holóttum kalksteini Evrópu en er afar viðfellið á sinn hátt. Tala ég eflaust fyrir munn flestra þeirra, sem hafa stundað klifur erlendis, að bergið og aðstæður til klifurs hér heima, séu talsvert frábrugðnari en þar pekkist, öðruvísi en alls ekki síðri.

Í nágrenni Reykjavíkur er klifrað í tveim slíkum innskotum en reyndar eru möguleikarnir umfram það talsverðir. Þau sportklifursvæði sem á síðustu árum hafa notið einhværra vinsælda má sjá á yfirlitskortinu á bls 21. Á þeim hefur leiðum í styttri kantinum fjölgæð sérstaklega, bæði auðveldum og erfiðum en fyrst og fremst fjölbreytilegum. Eriðleikar leiða eru frá 3. gráðu og teygjast upp í 5.13. Á Vestur- og Norðurlandi er einnig um nokkra staði að velja og enn er svipað uppi á teningnum ef farið er með suðurströnd landsins.

Kosturinn við pessa dreifingu klifursvæða, frá sjónarhorni klettaklifrarans, felst fyrst og fremst í auknum líkum á ákjósanlegu veðri, einhvers staðar, enda veðurfarið helsti óvinurinn. Gallinn er aftur á móti sá hve kostnaðarsöm iðkunin verður. Klifrarar bera þó harm sinn í hljóði og reyna frekar að nýta þá daga sem gefast.

Sportklettaklifur er framkvæmt í tvenns konar leiðum, þ.e. leiðum sem tryggðar eru með hnetum og öðru slíku og svo í boltuðum leiðum. Boltuðar leiðir eru almennt á sléttum flötum þar sem ekki er hægt að setja inn hnetur. Bríkur og gómahöld eru algeng í slíkum leiðum. Leiðir sem tryggðar eru með hnetum fylgja að jafnaði sprungum en þó pekkist að nýta sprungurnar til trygginga en klifra utan þeirra.

## Eðli klettaklifurs

Í sportklettaklifri skiptir túlkun á aðferð við að yfirvinna leið miklu og fylgja þarf nokkrum sanngjörnum leikreglum. Hver einstök klifurleið er þraut sem klifrarinn ætlar sér að vinna á. Þrautin mótað af hæð bergsins og bratta, stærð hand- og fótfecta, fjarlægð milli þeirra og þar af leiðandi hvernig komast má upp á þeim. Meginmarkmiðið er að leysa þrautina á eigin kröftum, í einni atrennu, án þess að tryggingar séu notaðar til stuðnings. Þá fyrst hefur leiðin verið klifin. Í mjög erfiðum leiðum æfa menn þær oft áður en atrenna tekst og notast þá stundum við ofanvað. Er klifrarinn þá tryggður í línunni ofan frá toppi leiðarinnar. Þar sem mjög er mismunandi hvernig klifrarar bera sig að, þá er klifurstíllinn skilgreindur. Það er betri stíll að geta gengið að leið og klifrað hana í fyrstu atrennu en að æfa hana í ofanvað.

Eftirfarandi skilgreiningar voru birtar í Ársriti Ísalp árið 1989: *Fyrirvaraalaust* (enska: On sight); telst besti stíllinn, þá er leiðin leidd falllaust, án fyrirfram upplýsinga um lykilhöld/hreyfingar, æfinga í ofanvað eða öðru slíku. *Hvellur* (e: Flash); er næst besti stíllinn. Þá er leiðin leidd falllaust án æfingar í ofanvað eða öðru en upplýsingar um leiðina til staðar, t.d. um lykilhluta hennar. Þess má geta að Frakkar skýra „a vue“ sem hina sömu yfir báðar ofantaldar skilgreiningar. *Rauðpunktur* (þýska: Rotpunkt); er fyrir falllausa leiðslu en eftir að hún hefur verið æfd að einhverju marki. Leið telst ekki klifruð fyrir en þessum áfanga er náð. *Hanghundur*, eru aðrar aðferðir (upp)nefndar og eiga við þegar menn hvíla sig í tryggingum eða detta nokkrum sinnum í sömu atrennunni en halda áfram upp leiðina. Um fleiri skilgreiningar er að ræða en þarf laust er að telja það upp hér.

## Notkun leiðarvísins

Eftirfarandi leiðarvísar eru nokkuð frábrugðnir gamla Stardalsleiðarvísinum og standast frekar samanburð við erlenda leiðarvísa. Á ófinu máli heitir það að stæla. Í þetta sinn eru notaðar teikningar en ekki ljósmyndir. Pannig er einfaldara að koma gagnlegum upplýsingum fyrir, og á það sérstaklega við um hvar boltar og aðrar fastar tryggingar eru staðsettar. Á teikningunum er uppgefið hvar leið liggar en hvers eðlis hún er, er klifrarans að meta. Leiðum er ekki gerð nákvæmari skil en það, og er öðrum staðfræðilegum lýsingum komið til skila við nafn eða númer þeirra. Ef

einhverra sérstakra athugasemda þurfa við er sagt frá þeim í inngangsköflum svæða eða við-eigandi leiðum. Sá háttur er viðhafður á erlendum klettaklifursvæðum og er það klifraranna að glíma við bergið án annarrar hjálpar.

Í inngangsköflum kemur fram aðkoma að svæði, hæð bergsins og raunar allt það sem málí skiptir. Sérstaklega ber að taka það fram að öllum er skyld að bera virðingu fyrir umhverfinu og ferðast um án þess að spilla gróðri og öðru viðkvæmu. Á það að sjálfsögðu við hvar sem farið er um. Sem betur fer eru flestir íslenskir klifrarar sannir náttúruunnendur og líta vanvirðingu við umhverfi sitt illu auga.

## Leiðarvísar

Þau sportklifursvæði sem eitthvað hefur verið klifrað á eru dreifð víðs vegar um landið. Á Íslandskortinu sést hvar þau eru staðsett. Þau eru eins ólík og þau eru mörg því þrátt fyrir að bergið sé í eðli sínu líkt þá ber hver staður sín sérkenni. Mismunandi er hvort svæði hafi leiðir, einungis tryggðar á hefðbundinn hátt eða með boltum, eða jafnvel hvoru tveggja. Hér eru einungis leiðarvísar frá fjórum svæðum en hér á eftir er getið lítillega um hin. Vonandi munu leiðarvísar um þau koma síðar. Leiðir eru táknaðar með brotnum línum og tákni í þeim eru eftirfarandi: Erfiðleikagráða er við númer leiðar og miðast við leiðslu í einni atrennu. Boltar eða fastar tryggingar í tiltekinni leið. Endi leiðar þar sem sigið er niður úr bolta.

## Leirvogsgil

Í brún Leirvogsgils, ekki fjarri bænum Norður-Gröf undir Kistufelli, er lágt klettabelti með nokkrum stuttum leiðum. Kletturinn er vestan við ána og snýr austur svo best er að klifra þar fyrrihluta dags meðan sólin vermir. Bergið er hæst um 7 m. Erfiðleikar leiðanna eru á bilinu 5.9–5.12 og eru sumar þeirra boltaðar. Til að komast að klettunum er ekið af þjóðvegi 1., Vesturlandsvegi langleiðina að Norður-Gröf. Klettarnir sjást ekki en eru skammt frá þar sem styst er af veginum að gilinu.

## Stardalshnúkur

Sjá leiðarvísni nr 21.

## Pingvellir

Einna lengst hefur verið klifrað í Hvannagjá en einnig í Almannagjá. Þó að klifursvæðið sé elst svæða hérleidis þá hefur það einhvern veginn aldrei notið almennilegra vinsælda. Ástæð-

ur fyrir því eru margvíslegar, þá m. mikill fjöldi fólks sem er í öðrum erindagjörðum en að klifra. Á Þingvöllum eru erfíðleikar leiða allt að 5.11. Hæð klettanna á Þingvöllum er um 10–40m og tryggt er með hnetum. Bannað að bolta.

## Búahamrar

Leiðarvísir um Búahamra í Esju birtist í Ársriti Ísalp 1985. Í honum eru ísleidir í hávegum hafðar en þó nokkuð vatn hefur runnið til sjávar síðan hann var ritaður. Á síðustu árum hefur fjölgð klettaklifurleiðum, eru tvær nú þegar til staðar sem boltaðar hafa verið og fleiri í undirbúningi. Bergið er víðast hvar laust í sér og varasamt. Áhugavert svæði þrátt fyrir það.

## Pyrill

Sjá leiðarvísni ÍSALP nr 24.

## Gerðuberg

Gerðuberg í Eyjahreppi er svæði fyrir sprungufíkla. Þar er og verður ekki boltað því fyrir utan gnótt sprungna er staðurinn friðaður. Leiðir eru þó nokkrar, allar stuttar (um 7–12m) en margar mjög góðar. Erfiðleikar eru frá 5.3–5.11. Góð tilbreyting frá sprunguklifri í Stardal.

## Porgeirsfellshyrna

Porgeirsfellshyrna, í Staðarsveit á Snæfellsnesi, er hér talin með þó varla sé hún sögð sportklettaklifursvæði. Þar eru nú tvær langar leiðir, 6–8 spannar, erfidast 5.8. Bergið er gabbró en þó nokkuð gróði og talsvert er um fugl í því á vorin. Þó nokkrir möguleikar á fleiri leiðum.

## Vaðalfjöll

Enn eru ekki nógum margar leiðir til að gera leiðarvísni um Vaðalfjöll en möguleikarnir eru miklir. Þær leiðir sem eru til staðar eru frekar léttar, á bilinu 5.4–5.7 og tvær til þrjár spannir. Hægt að gera mjög margar leiðir á því bili. Hamrarnir, sem eru allt að 100m háir, ná sjaldnast lóðréttu.

Vaðalfjöll eru forn gígtaggi og bergið stuðlað. Allstaðar hægt að tryggja með hnetum nema að vestan en þar slútir berginu skemmtilega. Frá Bjarkarlundi er fær jeppaslóði upp undir fjöllin en árla vors þarf að ganga alla leið og tekur það um eina og hálfa klukkustund úr Porskafirði.

## Munkaþverárgil

Í Eyjafirði, nokkuð fyrir sunnan Akureyri, er Munkaþverárgil það svæði sem mest hefur verið

klifrað í. Um gilið er fáanlegur leiðarvísl sem reyndar er nokkuð kominn til ára sinna. Þær eru leiðir um 10–12m háar og erfiðleikar á bilinu 5.3–5.12. Er bæði um að ræða boltaðar leiðir og hinar sem tryggðar eru með hnetum. Þeir sem ekki hafa enn komið að Munkaþverárgili en ætla þangað er ráðlagt að hafa landakort til að komast á staðinn. Þegar þangað kemur er hins vegar ekki hægt að fara á mis við klettana, því þeir eru í gilinu neðan við brúna, sem ekið er að.

## Pöstin

Stórkemmtilegt svæði sunnan undir Eyjafjöllum. Hamrarnir blasa við af þjóðvegi 1 og er stuttur krókur þaðan. Leiðarvísl af svæðinu er í vinnslu. Leiðir í Pöstunum eru frá 10–25m langar og erfiðleikar á bilinu 5.3–5.11+. Nokkrar þeir eru boltaðar en flestar eru tryggðar á hnetum.

## Fallastakkanöf

Fallastakkanöf í Borgarhafnarfjalli er eitt magnaðasta klifursvæði á Íslandi. Bergið er um 100 m hátt stuðlabergsnef en einungis eru tvær leiðir enn um að ræða og báðar fremur erfiðar. Tryggt með hnetum. Frá þjóðvegi 1 er um 30 mínútna gangur upp að klettinum. Sjá leiðarlýsingu í Ársriti Ísalp 1988.

## Vestrahorn

Kambhorn er helsta klifurlendið og þar er hægt að klifra um 300m langar leiðir. Miklir möguleikar eru fyrir hendi en enn sem komið er hafa eingöngu verið klifnar leiðir sem tryggðar eru með hnetum. Sjá leiðarlýsingu í Ársriti Ísalp 1988.

## Valshamar

Valshamar í Eilífsdal er líttill klettastapi í vesturhlíðum Þórnyjartinds. Þar hefur verið klifrað síðan 1978 en árið 1987 litu fyrstu boltuðu leiðirnar dagsins ljós. Eru það fyrstu klifurleiðirnar á Íslandi sem voru boltaðar. Valshamar er trúlegast mest nýttur allra klifursvæða og þar er hægt að klifra bæði tæknilega erfiðar, vel boltaðar leiðir og svo auðveldari leiðir tryggðar með hefðbundnum aðferðum. Bergið er 15–20m hátt en nær sjaldnast lóðréttu. Og eitt sem ekki má gleyma. Sökum þess hve hamarinn er líttill liggja klifurleiðir mjög þétt. Nýtast sumir boltanna undir fleira en eina leið, t.d. geta tvær klifurleiðir byrjað í sömu boltaröð en skiljast svo eftir annan eða þriðja bolta. Einnig getur leið

verið klifruð vinstra megin við boltaröð og önnur hægra megin. Þessi leiðarvíslar hefur áður verið birtur í fréttabréfi Ísalp en er hér endurgerður að viðbættum nýjum viðfangsefnum.

## Hnefi

Norðan Tíðaskarðs í Kjós er fjallið Hnefi. Um miðja vegu í fjallshlíðinni, sem snýr í norðvestur, er heillegt klettabelti þar sem klifraðar hafa verið 5 leiðir. Þær eru allar boltaðar og eru sigakkeri til staðar. Hæð bergsins er um 15m og eru leiðirnar ágæt tilbreyting frá Valshamri og Stardal. Bílum er hægt að leggja utan þjóðvegar 1 þar undir en um 20 mín. tekur að ganga upp að klettabeltinu. Þær byrja flestar undir þaki og eru erfiðleikar á bilinu 5.8–5.11d. Besti tími er seinni hluti dags en sólar gætir seint á bergen.

## Skinnhúfuklettar


Skinnhúfukletta í Vatnsdal uppgötvuðu klettaklifrarar fyrir tilviljun, vorið 1989. Sagan segir frá félaga í Ísalp, góðkunningja nokkrum, sem tókst að draga allan klifurkjarna klúbb eins norður í Vatnsdal eftir að hafa séð ljósmyndir þaðan. Að hans sögn, risu þar glæsilugustu stuðlabergspíl nordan Stardals og margfalt hærri. Lofað var meiriháttar klifri og stórkostlegu umhverfi. Allur hópurinn geystist af stað, til þess eins að komast að því að hamraþilin, sem reyndar eru afskaplega falleg, eru með öllu óhæf til klifurs. Til allrar lukku og félaganum til lífs fannst örlítil sárabót, Skinnhúfuklettar, sem prátir fyrir allt er eitt athyglisverðasta klifursvæðið.

Bergið er ólíkt öðru sem enn hefur fundist og svo sprungulítid að þar er einungis hægt að klifra boltaðar leiðir. Þær eru flestar tæknilega erfiðar en jafnframt einhverjar bestu klettaklifurleiðirnar hérlandis. Svoltíð sárt fyrir fingurna. Af þjóðvegi 1 er ekið inn í Vatnsdal, austan Vatnsdalsá, og suður fyrir bæinn Hvamm. Blasir hamrabeltið við og tekur aðeins um 4–5 mínutur að ganga að því.

## Hnappavallahamrar

Eitt besta klifursvæði á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Er einnig orðið stærsti sportklifurstáðurinn enda möguleikarnir miklir. Aðkoma og allar aðstæður eru með því besta sem hér finnst. Tjaldstæði er neðan undir hömrúnunum og í framtíðinni stendur til að reisa þar kamar og setja upp bord og bekki, klifrurum til handa.

Hnappavallahamrar eru hluti af löngu klettabelti sem nær frá Fagurhólmseyri, að Salt-





höfða, og austur úr að Hnappavöllum. Fyrst var klifrað á þessu svæði árið 1986, þá vestan Salthöfða en síðar var því hætt, þegar vitnaðist um að klettabeltið þar og við Salthöfða væri friðað. Færðu klifrarar sig austur á Hnappavallahamra en leyfi ábúenda fékkst fyrir að klifra þar. Fyrst var farið að gera leiðir þar upp úr 1989 og í dag eru um 70 leiðir sem hægt er að klifra. Erfidleikar þeirra eru á bilinu 5.3–5.13. Svæðin sem klifrað er á eru öll austan Salthöfða og mun svo verða í framtíðinni. Er með öllu bannað að bolta leiðir vestar en komið er. Það kemur ekki að sök því að svo miklir möguleikar eru fyrir hendi að tæpast verður lokið við það á næstu árum. Ekki hafa verið klifnar margar leiðir vestan við þessi svæði. Að sjálfsögðu má klifra og gera leiðir sem hægt er að tryggja á hefðbundinn hátt og er það viða hægt. Ein erfðasta leiðin á svæðinu er reyndar vestan Salt-

höfða en hún var boltuð áður en vitnaðist um friðun svæðisins. Annað sem benda má á er Loddudrangur, og er auðveld leið upp á hann gráðuð 5.4. Þess má geta að hann var fyrst klifinn á síðustu öld.

Til að nálgast Hnappavallahamra er ekið af þjóðvegi 1 nánast beint suður af bænum Hnappavöllum. Ekið er suður fyrir Hádegishamar og svo til vesturs að Miðskjóli, eins og sjá má á bls 24. Þar við austurhorn klettanna er tjaldsvæðið sem félagar Ísalp hafa yfirleitt notað.


Hafa verður hugfast að þarna er klifrað með leyfi ábúenda að Hnappavöllum en þeir vilja fylgjast með hverjir eru á þessum slóðum. Því verður að koma þar við og fá leyfi fyrir dvöl þar. Hamrarnir eru frá 10–25m háir og frá tjaldstæðinu er um 0–10 mínútur að helstu leiðum.

# Hnefi og Valshamar



Valshamar:


- 1. Ein síðbúin 5.8
- 2. Náttgagnið 5.6
- 3. Augnablik 5.11d
- 4. Slæbbið 5.8+
- 5. Haustkul 5.11
- 6. Kverkin 5.7
- 7. Vaknað upp við vondan draum 5.10c
- 8. Sumardraumur 5.10c
- 9. Gollum 5.11a
- 10. Blómálfar 5.7
- 11. Stallarnir 5.4
- 12. Útúrdúr 5.6
- 13. Eilífur er ekki hér 5.8
- 14. Supermax 5.11+
- 15. Hrúðurkarlar 5.10c
- 16. Hækkrókur 5.9
- 17. Skoran 5.4
- 18. Skóreimar, afbrigði 5.10b
- 19. Skóreimar 5.9
- 20. Nafnlaus 5.7




Leiðir sem mælt er sérstaklega með: Tarfarnir í túninu, Pálsleið og Mýramóri. \* Ofanvaðsleið sem stendur ekki til að bolta.

## Skinnhúfuklettar í Vatnsdal

# Hádegishamar (A)





1. að Leið feimna fólksins


að tjaldstæði

- |                             |                               |                                  |                     |
|-----------------------------|-------------------------------|----------------------------------|---------------------|
| 1. Leið feimna fólksins 5.6 | 7. Lömbin þagna 5.10          | 13. Horn í horn 5.10d            | 19. Tívolí 5.12b    |
| 2. Janus 5.10a              | 8. Sjónarhorn 5.10c           | 14. Þetta eru asnar Guðjón 5.11a | 20. Sirkus 5.12b    |
| 3. Litla yfirsjónin 5.10b   | 9. Sinfónía 5.11c             | 15. Spaghetti 5.5                | 21. Vöflujárníð 5.9 |
| 4. Tóftin 5.12a+            | 10. Brostnar vonir 5.8        | 16. Græna byltingin 5.8+         | 22. O.W. 5.5        |
| 5. Sólarfall 5.10b          | 11. Þetta eru fífl Guðjón 5.8 | 17. Út um grænar grundir 5.5     | 23. Hornatangó 5.9  |
| 6. Steintak 5.10a           | 12. Páskaliljur 5.6           | 18. Skúmaskot 5.6                | 24. Öræfabúgí 5.12a |


Miðskjól, eitt aðalklifursvæðið. Hæð klettana er um 13-15 metrar. Leiðir eru ýmist boltaðar eða ekki. Mælt er með: Páskaliljum, Brostnum vonum, Janusi, Hornatangó og Öræfabúgí.

## Miðskjól (B)

## Þorgilsrétt (C)



Þorgilsrétt er um 3 mínútna gang frá tjaldstæði og klettarnir eru 4–17 m á hæð. Vinsamlega athugið: Bergið þar sem leiðir 1 og 2 eru, er sérstaklega fallega formað og er EKKI leyfilegt að bolta þar. Mælt með t.d. Smugunni.




1. Leið í vinnslu
2. Kokteill 5.10d
3. Bagdad Café 5.11d


Porgilsrétt (D), klettarnir eru 10–17m háir og er um það bil 4 mínútna gangur frá tjaldstæði. Mælt er með leiðinni Kokteill.

## Porgilsrétt (D)

# Ölduból (E)




Ölduból (E), er um 5 mínútna gang frá tjaldstæði. Klettarnir eru 12-15m á hæð og allar leiðir boltaðar. Fyrstu boltar í leiðum 1 og 2 eru svolítid hátt staðsettir.



Ölduból, austurhluti, mælt er með leiðum: Kabarett, Can Can og Monu Lisu.


## Ölduból (E) austurhluti

# Ölduból (F)



1. Fýlupúki 5.7
2. Leikið á als oddi 5.12a
3. Bannað að bolta 5.10a
4. Bergmál 5.11d
5. Svalirnar 5.9
6. Skítaleiðin 5.10b
7. Fjaðrafok 5.10a

Ölduból; 6-7 mín. gang frá tjaldstæði. Hæð klettana er um 20 metrar. Mælt er með t.d. leiðunum Á als oddi og Svölunum.



H Salthöfði



5 mín. gangur að Lækjarhorni 5.10a og  
20–30 mín. gangur að Fantasiú  
5.12d/5.13a, Blautum bastörðum 5.9 og  
Fallexinni 5.6

1. Sláturhúsið 5.13b
2. Bændaglíma 5.11c
3. Barátta eilífðarinnar 5.10d
4. Eilífðardansinn 5.10d

5. Símonsleið 5.10a
6. Gullkorn 5.10d\*
7. Leið í vinnslu
8. Svart regn 5.10c

9. Leið í vinnslu
10. Gaflarinn 5.6
11. Stefnið 5.9

Í Vatnsból er 10 mín. gangur frá tjaldstæði. Klettarnir eru 20–23 metrar á hæð. \*Athugið: Á eftir að ganga frá endaboltum, a.m.k. þegar þetta fór í prentun. Mælt er með leiðnum Stefnið, Gullkorn og Barátta eilífðarinnar

## Vatnsból (G)

# „You do know how to get down, don't you? “

## Viðtal við Sigurð Waage og Finn Eyjólfsson

### Hörður og Hallgrímur Magnússynir skráðu

„Prír fjallgöngumenn sigra erfðasta fjallstind landsins.“ (Mbl. 8/8 '56).

Hinn 5. ágúst 1956 klifu þrír garpar Hraundranga í Öxnadal fyrstir manna. Vera má að fjölmíðlaglaðir fjallgöngumenn horfi öfundaraugum á kjarnyrtu fyrirsögn Morgunblaðsins af leiðangrinum en víst er að afrekið var mikið og klifrið stór kafli í íslenskri fjallamennsku. Klifurfélagarnir voru tveir Íslendingar, þeir Sigurður Waage og Finnur Eyjólfsson, báðir félagar í Flugbjörgunarsveitinni, Jöklarannsóknafélaginu og Fjallamönnum (og Sigurður meira að segja síðar stofnfélagi ÍSALP) og svo Bandaríkjamaður að nafni Nicholas Clinch (einig félagi í Ísalp í árafjöld). Hann átti síðar eftir að stjórna fyrstu uppgöngu á Hidden Peak, fyrstu uppgöngu á marga af hæstu tindum Suðurskautslandsins og ótal öðrum leiðöngrum auk þess að verða forseti bandaríksa Alpaklúbbsins.

Það er farið að hausta þegar við mælum okkur mótt við þá Sigurð og Finn til að rifja upp uppgönguna, en það skiptir litlu máli inni í notalegu skotinu á veitingahúsi í höfuðborginni. Þeir félagar þykjast lítið muna í fyrstu og muldra eitthvað að langt sé um liðið en það kemur glampi í augun á þeim þegar gamlar myndir og blaðagreinar eru dregnar upp og það verður fljóttlega ljóst að það er ekki djúpt á minningarnar frá því fyrir 38 árum. Sigurður hefur orðið lengst af en Finnur skýtur inn athugasemendum þegar honum fannst eitthvað vanta á.

Á þessum árum vorum við þó nokkur hópur í Flugbjörgunarsveitinni sem hafði áhuga á klifri. Við vorum líka flestir í Jöklarannsóknafélaginu og svo í Fjallamönnum. Guðmundur frá Miðdal æfði með okkur utan á stillösum og á fleiri stöðum en við náðum ekki æfingunum í

Tindfjöllum og víðar, þá vorum við of ungir. Finnur og Árni Edwins fóru til Svíþjóðar á námskeið hjá sánska alpaklúbbnum 1955 og klifu m.a. hæsta fjall Lapplands. Við stofnuðum meira að segja átta saman klúbb 1957 um áhugamálið, Alpaklúbb Íslands. Við hittumst mánaðarlega og höfum haldið því áfram en með konurnar með okkur seinni árin. Eitt sinn stóð til að halda til Grænlands en tryggingarnar reyndust of dýrar því miður. En við æfðum klifur og björgun m.a. í Öskjuhlíðinni og á Þingvöllum, Nicholas Clinch æfði með okkur á meðan hann var hér. Nikki, eins og við kölluðum hann, vann hjá lögreglunni á Keflavíkurflugvelli og hann leitaði okkur uppi því þetta var hans aðaláhugamál. Hann talaði varla um annað en klifur. Hann var bergklifrari en hafði síður áhuga á jöklabrélti og þótti Gígjökull lítið áhugaverður. Við höfum alltaf haldið sambandi við hann í gegnum árin og hann var síðast hér á Íslandi núna í sumar með konu sinni.

Það var líklega Sigurður Þórarinsson sem átti hugmyndina að Hraundrangafærðinni fyrstur, Þeir voru saman á Vatnajökli 1955, hann og Nicholas. Nikki var að kanna hvað hægt væri að klifra á Íslandi og í framhaldi af því var farið að hugsa um þetta. Það voru svo Ameríkanar sem reyndu við Hraundrangann vorið 1956, Anderson hétt einn þeirra, þetta var frægur klifrari en þeir lento í slæmu veðri og gáfust upp. Þetta fréttir Nikki og við hér. Það var náttúrulega ómögulegt að láta útlendinga hirða allan heiðurinn svo að þá var allt sett á fullt og stefnt á uppgöngu um sumarið. Við félagarnir völdumst til fararinnar af því að við vorum



Nikki tryggir Finn síðasta spölin. *Ljósmynd Sigurður Waage.*

tilkippilegir frekar en fyrir mikla yfirburði yfir hina félögana.

Við flugum norður og fengum aðstoðarmenn í gegnum Tryggva Þorsteinsson á Akureyri, það var auðsótt mál. Þrí fóru með okkur upp undir dranginn, Ingólfur Ármannsson og Haukur Viktorsson, Práinn Karlsson og þeir voru með eitthvað í tösku ef eitthvað myndi nú henda okkur. Við fórum frá Hrauni eldsnemma, áður en nokkur var vaknaður. Það kom engin önnur leið til greina, menn voru vanir að keyra þarna og sáu dranginn oftast þaðan. Veðrið var mjög gott en þokuslæðingur á tindinum um morguninn. Hann fór svo þegar við vorum komnir upp að drangnum og þá sáum við hann fyrst.

Það sem við höfðum til klifursins var nú ekki merkilegt, nokkrir fleigar, karabínur og tvö reipi og svo einn lítill stigi, tvær eða þrjár tröppur, álfþrep með kaðli á milli. Við vorum með nokkra fleiga en notuðum þá annars bara sem tryggingar. Þetta voru fleigar sem við fengum hjá hernum. Hann notaði þá sem tjaldhæla. Það frétti einhver af þessu og útvegaði okkur. Reipin voru herrusl úr næloni, ansi svert og óþjált 70ft langt.

Nikki stýrði öllu klifrinu með harðri hendi. Áður en við byrjuðum að klifra var hann að

kenna okkur að tala, við máttum ekki tala of mikið, engin óþarfa orð. Það fór allt fram á ensku, við máttum ekkert vera að ræða saman á íslensku. Svo var líka alveg óþarfi að vera með myndavél og taka myndir, það var svo sem rétt hjá honum, við áttum að einbeita okkur að klifrinu. Myndir voru ekki teknar nema þegar við vorum kjurir, en þá átti maður líka að hafa allan hugann við að tryggja hina. Þess vegna töludum við um það í bænum að þetta væri engin áhætta, við værum svo vel tryggðir!!

„Klifrið gekk þannig fyrir sig að Nikki fór fyrstur, svo Sigurður og ég síðastur“ segir Finnur. „Sigurður tryggði Nikki en ég aftur Sigurð. Svo komst Sigurður upp til Nikki og ég upp á syllu fyrir neðan og þá fór Nikki aftur á stað. Við vorum aldrei þrí saman. Við stoppuðum twisvar á leiðinni, það vantaði syllur, þetta gekk afskaplega hægt fyrir sig, það þurfti að róta með höndunum og muna eftir að ná fótfestu, eins og þið vitið er drangurinn mjög laus í sér og mikill mosi.“ „Nikki var í vandræðum að finna stað til að festa fleigana. Þegar hann leit-adi sem mest að festingu á miðri leið þá voru kálfarnir farnir að titra, ég var bara með tærnar á smásyllu en ég var vel tryggður í bergið“ segir Sigurður. „Svo var það nú eiginlega stiginn sem

# Fjallaurið

hæðarmælir,  
loftþrýstimælir,  
hitamælir,  
áttaviti,  
...og klukka!

CASIO

félagar í SALP  
fá 10% afslátt



Guðmundur Þorsteinsson  
úra og skartgripaverslun  
bankastræti 12 - sími 5514 007

# ÞEGAR STEFNT ER Á TOPPINN ER VISSARA AÐ SETJA ÖRYGGID Á ODDINN

## OG VERA VIÐ ÖLLU BÚIN

Eigum ávallt mikið úrval  
fjallgöngu- og klifurbúnaðar jafnt  
fyrir byrjendur og þá sem lengra  
eru komnir.



# INNKAUPADEILD SVFÍ

símar 91-627000 og 91-27086 myndsendir 91-627027





Finnur með ameríkska „tjaldhæla“ og fjallavað úr næloni. Ljósmynd Sigurður Waage.

bjargaði okkur í restina. Það var ansi stór klettur uppi undir toppi sem við þurftum að beita honum á.“

„Pegar við vorum komnir hérumbil upp þá hleypti Nikki mér framúr. Svona fyrir kurteissakir varð hann að leifa Íslendingi að vera fyrstur á toppinn“ segir Sigurður og hlær. Finnur dregur nú upp eintak af bókinni *A Walk in the Sky* eftir Nicholas Clinch og bendir á kafla þar sem segir: „When we reached the summit Sigurður turned to me and said semijokingly: You do know how to get down don't you?“ Og Sigurður járnkar því að eitthvað í þessa átt hafi það verið. „En við vorum aldrei hræddir, hvorugur lofthræddur enda hefðum við þá aldrei farið í þetta.“

Klukkan var örðin sex um kvöldið þegar við náðum loks allir upp. Þá hafði klifrið staðið í sjó tíma. Við lögðum ekki í að fara allir á toppinn í einu það var bara ekki hægt!! Og við viljum ekki upplýsa hvort gullkistan var þar segja þeir og hlægja. Það var góð tilfinning að sitja þarna uppi og við vorum heldur ekki að flýta okkur niður. Það tók okkur svo þrjá tíma að komast til félaganna niðri og við komum ekki til Akureyrar fyrr en eftir miðnættið. Leiðangurinn tók því tímana two.

Umtalið og athyglan sem þetta hlaut var miklu meira en við gerðum ráð fyrir. Þetta átti nú bara að vera á milli okkar, en þetta hafði frést um bæinn og það voru blaðamenn og ljósmyndarar komnir til okkar kl. 2 um nóttina á hótel KEA og mönnum þótti nokkuð til koma. Dranginn var jú talinn ókleifur. Daginn eftir komum við niður í matsal í klifurfötunum, skítugir upp fyrir haus og mætum við þá ekki hershöfðingjanum á Keflavíkurflugvelli og Ragnari Björnssyni sem var háttsettur í amerískra hernum en Nikka var vel tekið þegar þeir fréttu hvað hann væri að gera þarna svo hann varð sér ekki til skammar enda umkringdur blaðamönnum.

Það er nokkuð liðið á kvöld og farið að lækka í kaffikönnunni þegar ferðasögunni lykur. Það kemur nokkurt fát á okkur bræðurna þegar í ljós kemur að myndavélin hefur örðið eftir heima, en Sigurður er fljótur að bjarga því, hann er með vél í frakkavananum. Eftir myndatökur kveðjumst við og höldum út í haustkulið með að minnsta kosti ein sannindi í pokahorninu. Að gleðin sem fylgir því að finna takmörk sín á fjöllum var sú sama 1956 og hún er nú.

# Þjálfun í kulda

## Eftir Halldóru Sif Gylfadóttur

Samskiptum náttúrunnar og einstaklings má líkja við ástaratlot þar sem födurlandið og módir náttúra veita fjölmögum konum og körlum fullnægingu í samskiptum sínum vegna þeirrar örgrunar sem þau bjóða og vegna þeirrar nautnar sem því fylgir að sigrast á kröftunum sem þau beita okkur. Þeir einstaklingar sem fá ekki fullnægt hvóttum sínum í samverunni við náttúruna eru á einhvern hátt illa búin undir atlotin. Ástæðan getur verið líkamleg eða andleg. Líkamlegur undirbúnungur er mjög mikilvægur eins og sjá má þegar við lítum á þá einstaklinga sem lengst eru komnir í samskiptunum. Andlegi undirbúnungurinn getur hins vegar tekið langan tíma og þroskinn á sér stað svo lengi sem samskipti eiga sér stað. Líkaminn hefur adlögunarhæfileika og bregst því við auknu álagi með ákveðnum breytingum. Breytingarnar fara eftir eðli verkefnanna sem álaginu fylgja. Fjallgöngur og klifur eru íþróttareinir þar sem samskipti eiga sér stað við náttúruna og þau öfl sem henni fylgja. Ef líkamlegum undirbúnungi er ábótant verður þeim markmiðum sem við settum okkur ekki fullnægt eða að eftirleikurinn verður kaldur. Stjórnkerfi líkamans fer úr skordum og voðinum er við.

Stjórnun á líkamshita fer að mestu fram í gegnum hitastjórnstöð í undirstíku heilans. Til þess að kerfið geti starað eru hita- og kuldunemar við vegar um líkamann. Ef líkamshítinn hækkar bregst líkaminn við á þrennan hátt. Í fyrsta lagi verður útvíkkun æða í húð líkamans sem eykur blóðflædi til húðarinnar og eykur útteislun varmans. Í öðru lagi eykst svitamyndun; svitinn gufar upp frá húðinni og veldur um leid kælingu á yfirborði hennar. Í þriðja lagi þá eru hitamyndandi viðbrögð hömluð svo sem skjálfti og hitamyndun án skjálfta (chemical thermogenesis). Þegar líkaminn kólnar reynir

hann að ná hitanum upp og viðbrögðin snúast við. Samdráttur æða verður í húðinni, hárin risa á yfirborði hennar í þeirri viðleitni að halda loftinu kyrru við yfirborð hennar (meiri áhrif í dýrum vegna felds þeirra) og efnaskiptahraðinn eykst. Skjálfti kemur fram og einnig verður örvin á ósjálfráða taugakerfinu til hitamyndunar og framleiðsla skjaldkirtilshormóna eykst. Pessi viðbrögð líkamans við breyttum umhverfislista eru meðal annars háð þjálfunarástandi hvers einstaklings. Regluleg þjálfun eykur hárædanet, stærð þverrákóttra beinagrindarvöðva og stærð hjartans, sem aftur eykur hæfni vödvanna til aukinnar virkni og þar með hæfni til hitamyndunar. Gott þjálfunarástand einkennist auk þess of aukinni hámarks súrefnisupptöku (VO2max) sem gefur möguleika á hreyfingu af meiri ákafa og í lengri tíma en ella. Ef úthaldid er gott gengur líkaminn seinná á glykógenborgiðrinar í vödvunum því við loft-háða öndun er fita meginbrennsluefnini. Fitani er brennd hægt og gefur mikla orku en glykógenborgiðrinar eru fljótt uppnarar og örömgnun á sér fyrir stað (án fullnæggingar) ef brennslan er loftfirð. Einstaklingur sem hefur gott líkamlegt úthald getur gengið hráðar og í lengri tíma og jafnframt notað loftháða öndun lengur heldur en sá sem er með lélegt úthald. Sá sem er með lélegt úthald notar fyrir loftfirða öndun og örömagnast því fyrir en ella. Hver einstaklingur hefur ákveðið úthald sem má mæla í polþrófi. Mörkin þar sem loftháð öndun fer yfir í að verða loftfirð við aukið álag kallast mjólkursýruþrokskulður. Púlsinn er mældur við þessi mörk og þar með má áætla æskilegan þjálfunarpúls. Við langtíma göngu er ekki æskilegt að fara upp fyrir þessi mörk þar sem örömgnun á sér fyrir stað.

Í klifri þar sem áreynslan er mikil og klifrarinn þarf að geta halddi spennunni í nokkurn tíma t.d. á meðan

tryggingu er komið fyrir (öryggid á oddinn) verður tímabundið loftfirrt ástand í vödvunum þar sem vödvapumpen er ekki virk í að dæla blóðinu áfram neðan úr fótum eða úr hendinni sem halddi er með. Þjálfu má upp þrek í að geta halddi stöðunni (vöðvaspennunni) lengur við loftfirrt ástand en ljóst er að vöðvar geta ekki halddi spennunni nema í takmarkaðan tíma áður en örömgnun á sér stað. Betri tækní sem fæst með aukinni þjálfun, gefur því möguleika á erfiðari klifurleid eða brattari göngu og hreyfingu í lengri tíma.

Ef vikið er aftur að varmajafnvæginu þá er hreyfing mikilvæg leid til hitamyndunar og því skiptir þjálfunarástandið miklu máli. Rannsóknir hafa sýnt fram á að næmi varmastjórnkerfis líkamans er aukið í vel þjálfudum einstaklingum og einangrunarviðbrögðin koma fyrir inn með samdrætti húðæða og skjálfti á sér stað seinna. Möguleiki á auknum efnaskiptahraða til hitamyndunar er auk þess í beinum tengslum við þjálfunarástand. Þeir sem iðka vetraríþróttir svo sem fjallgöngur og klifur hafa líklega orðið varir við það að haustkuldinn fer oft illa í þá. Það er að segja þeim finnst kaldara á haustin en þegar líður á veturinn þó svo að hitastigð sé það sama. Ein ástæðan er breytt rakastig en önnur er sú að ákveðin adlögn á sér stað í líkamanum við endurteknaðar æfingar við kaldar aðstæður. Pessi adlögn er hagstæð fyrir alla, ekki síst fyrir þá sem iðka vetraríþróttir. Adlögunin veldur því að hæfnin til að leysa ákveðin verkefni sem krefjast finhreyfinga viðhelst lengur því að skjálfti kemur seinná fram eins og nefnt er hér að framan. Auk þess hefur hitatilfinningin áhrif á líðan hvers einstaklings og þar með áhrif á skap hans og löngun til að ljúka ætlunarverki sínu, eins og til dæmis að klifra ákveðna leid eða að komast á ákveðinn

fjallstind og fullnægja þannig markmiðum sínum.

Líkaminn lifir ekki á loftinu einu saman. Hann þarf að hafa efni til að brenna sem fæst úr fæðunni. Sýnt hefur verið fram á að bæði kolvetnarík og fiturík fæða eykur þol gegn kulda og eykur líkamlegt úthald en próteinrík fæða getur hins vegar haft neikvæð áhrif á sömu þætti. Mikið magn kolvetnisríkrar fæðu er ekki nauðsynlegt í hvíld en það hefur hins vegar aukíð gildi við hreyfingu bæði í kulda og við hlýri aðstæður. Kolvetnarík fæða eykur glykógen í vöðvunum og um leið úthald við áreynslu af meðalákefð og stutta, snögga áreynslu, það sama má áætla að gerist í kulda. Hversu mikil kolvetnanotkunin er í kulda fer síðan eftir samspili kuldans og ákafa æfinganna. Orka og prótein er hvort tveggja nauðsynlegt til að viðhalda ákveðinni vinnu.

Orkan, í formi kolvetna og fitu, er nauðsynleg sem eldsneyti og prótein er nauðsynlegt til viðhalds á vöðvafevnunum. Úthaldspjálfun eins og t.d. fjallganga auðveldar sparnað á kolvetnum með því að auka virkni ensíma sem brjóta niður fituna og af því að úthaldspjálfun gerir einstaklingi kleyft að vinna við lægra hlutfall af súrefnispptöku. Einnig er hægt að beina efnaskiptum við þjálfun í kulda að niðurbroti fitu með því að auka magn fituríkrar fæðu. Endurteknar máltdír fullar af kolvetnum valda því að einstaklingurinn fer að reiða sig meira á kolvetni sem hefur neikvæð áhrif á þol gegn kulda og líkamlegt úthald. Fiturík fæða er því mikilvægari við langtíma hreyfingu í kulda og því ætti að beina efnaskiptunum meira að þeim orku miðli.

Hlutfallsmagn kolvetna og fitu sem er brotið niður við langtíma dvöl í kulda getur haft mikla þýðingu fyrir úthald og lífslíkur í kulda. Til dæmis ef orkan sem þarf til að viðhalda líkams hitanum kæmi algerlega frá kolvetnum þá myndu glykógenborgðirnar fljóttlega tæmast og dauði vegna ofskelingar fylgja í kjölfarið. Því miður virðist hins vegar erfitt að setja fram viðomið sem henta öllum um ákveðið hlutfall kolvetna og fitu því þjálfunarástand og kultaðlögun hvers einstaklings spilar þar inní. Auk þess skiptir ákefð þjálfunarinnar miklu mál. Fiturík fæða hefur hins vegar minna gildi við göngur/klifur á fjöll hátt yfir sjávarmáli (yfir 4700m) sennilega vegna blöð þurrðar sem verður í meltingarveginum við aukna hæð yfir sjávarmáli og minni framleidslu meltingarensíma sem brjóta niður fitu. Heildarorkuþörf við hreyf-




Kaldur kall. Ljósmynd Hörður Magnússon.

ingu í kulda fer síðan eftir eðli hreyfingarinnar (ganga á þurru undirlagi eða í snjó, skíðaiðkun, klifur o.s.frv.), þyngd á byrðum, hraða yfirferðar og dýpt og ástandi snjólagaga. Svo virðist sem gædi svefninsins sé einnig háð samsetningu fæðunnar. Fiturík fæða hjálpar til við að viðhalda varma líkamans á meðan sofíð er og bætur þannig gædi svefnins. Betri svefn veldur minni þreytu og þar með auknu úthaldi og auknu þoli gegn kulda. Gædi svefninsins og hvíldarinnar sem í honum felst er því ekki síður mikilvæg þegar leysa á krefjandi verkefni klifurs og fjallgöngu.

Af framansögðu má því sjá að gildi þjálfunar og skipulagning í upphafi ferðar með tilliti til næringar eru þættir sem skipta mestu málí ef fjallgangan eða klifrið að vera ánægjulegt og skila íþróttaiðkandanum því sem til var ætlast - fullnægingu og síðan fráhvars-einkennum þegar heim er komið en það er jú drifkrafturinn fyrir næstu ferð.

Höfundur greinarinnar er sjúkrapjálfari og efnið samantekt úr B.S. ritgerð sem unnin var veturnn 1993-1994.

# ISLAND GORE-TEX SUPERPROOF MEINDL gönguskór




Vatnsheldir  
Léttir  
Pægilegir

# GORE-TEX – LADY SUPERPROOF MEINDL

Dömu göguskór

Vatnsheldir  
Léttir  
Pægilegir



SENDUM í  
POSTKRÖFU  
UM LAND  
ALLT.

ÚTILÍF H F

Glæsibæ, sími 812922.

EURO - VISA  
RAD  
SAMNINGAR

## FJALLGÖNGUR OG FLJÓTAFERÐIR Í NEPAL OG TÍBET



Ferðaskrifstofa stúdenta býður  
úrval spennandi ferða með  
Encounter Overland  
um Nepal og Tíbet.  
Einnig fjölda ævintýraferða  
á trukkum um torfærur  
Afríku, Asíu og S-Ameríku.



FERÐASKRIFSTOFA  
STUDENTA

Nýttu þér sveigjanleika Kilroy fargjaldanna til að komast á ákvörðunarstað –  
en þau gilda fyrir alla yngri en 26 ára og námsmenn yngri en 35 ára.

STÚDENTAHEIMILINU VIÐ HRINGBRAUT  
SÍMI 615656 – FAX 19113

# Félagsstarf Ísalp 1994

umsjón Salbjörg Óskarsdóttir

## Árshátið

Árshátið var haldin að venju í febrúar. Var hún fjölsött eða um 60 manns, þar af 40 manns í mat. Þóttið var upp á margréttadan og ljúffengan málsværð er skemmtarnefndarmenn matreiddu. Veislugestir sáu síðan um skemmtiátríðin sjálfir. Um árshátiðina sáu þau Salbjörg Óskarsdóttir, Helga Gardarsdóttir, Þórarinn Pálsson og Linda Björk Þórðardóttir.

## Ferðir og námskeið

Vetrarnámskeið var haldið í Eilífsdal í lok febrúar og hafði Páll Sveinsson umsjón með því. Nemendur voru 5.

## Telemark námskeið

Í mars var haldið námskeið í Telemark sveiflu og sá þeir félagar Hallgrímur Magnússon, Tómas Júlíusson og Karl Ingólfsson um kennsluna. Námskeiðið var haldið í Bláfljóllum og voru nemendur 16 talsins. Óhætt er að segja að áhuginn á að geta beitt fyrir sig þessum glesitilprifum hafi heldur betur aukist upp á síðkastið.

## Klettaklifurnámskeið

Í endaðan mai sá Björn Vilhjálmsson um klettaklifurnámskeið á Þingvöllum. Nemendur voru sjö.

## Botnssúlur

Í janúar var farið á skíðum frá Svartagili upp í Botnssúlur. Farið var upp á Syðstusúlu og víðar í yndisfögru vedri. Í ferðinni voru 9 manns og umsjón hafði Karl Ingólfsson.

## Skessuhorn

Klifrad var á Skessuhornið í Skarðsheiði í marslok. Umsjón hafði Þorvaldur Þórsson og voru þáttakendur alls þrír.



Þrír fyrrum og núverandi formenn Alpaklúbbins: Guðjón Ó. Magnússon, Björn Vilhjálmsson og Magnús Tumi Guðmundsson. Myndin er tekin á 15 ára afmælishátið klúbbins. *Ljósmynd Salbjörg Óskarsdóttir*.



Kristín, Páll og Snævarr. *Ljósmynd Salbjörg Óskarsdóttir*.



Jóhann eyfirðingur, Magnús Tumi og Anna Guðrún. Ljósmynd Salbjörg Óskarsdóttir.



Skiðaferð klúbbsins í Botnssúlur. Á Syðstusúlu með Miðsúlu í baksýn.  
Ljósmynd Páll Sveinsson.

## Hrútsfjallstindar

Um hvítasunnu sá Þorvaldur Þórsson um ferð upp SV-hlíð Hrútsfjallstinda. Tveir voru þeir á ferð.

## Klettaklifurmót

Að þessu sinni fór mótið fram fyrir norðan, í klettunum við Munkaþverá. Einnig var litíð á klettana í Vatnsdalnum á leiðinni heim. Umsjón höfðu Björn Baldursson og Árni Gunnar Reynisson.

## Esja

Gengjó var á Esjuna kvöldið eftir sumarsólstöður. Þrír mættu í ferðina og umsjón hafði Jón Þorgrímsson.

## Vesturbrúnir

Í ágústlok var farin ágæt klifurferð í Vesturbrúnir Esju og var leiðin Hnetubrjóturinn klifin.

## Tindfjöll

Farnar voru nokkrar vinnuferdir á árinu og dyttarð að skálanum. Skipt var um þak og sáu um það smiðirnir Guttormur Þórarinsson, Jón Rafnsson og Páll Karlsson, auk handlangara. Þá fór Torfi Hjaltason uppeftir í september og dundaði sér við að mála skálann. Um miðjan september var svo halddið upp á hálfrað aldar afmæli skálans. Rúmlega 30 manns mættu og samfögnumu glæsilegu afmælisbarninu. Um undirbúning veisluhaldanna sáu þau Magnús T. Guðmundsson, Salbjörg Óskarsdóttir og Guttormur Þórarinsson.

## Bratti

Í Botnssúlum var dyttarð að skálanum en engar stórramkvæmdir þar á ferð. Smíðað var nýtt reykrör og er það komið uppeftir og verður sett upp við tækifæri. Jón Þorgrímsson sér um skálann að venju.

## Eyjafjörður

Síðustu helgina í október stóð til að fara á Hraundrangar. Ekki viðraði til klifurs en hópurinn skoðaði sig um í Skíðadal og fann þar góðan ísfoss sem bíður síns tíma. Gist var í góðu yfirlæti á bænum Klængshóli. Þátttakendur voru átta og sá Jökull Bergmann um ferðina.

# Fréttapistill

umsjón: Tómas Grønvaldt,

Jón Haukur Steingrímsson og Snævarr Guðmundsson

Þessum fréttapistli er tilundað það markverðasta sem gert var í fjallamennsku og klifri, innanlands og utan, frá þáskum 1994. Þrír hópar fóru til Grænlands, þar af einn í skíðaferð, þrír hópar fóru í alpana og einn þeirra hélt áfram yfir til Slóvakíu, í Tatras fjöllin. Klettaklifrarar heimsóttu Ameriku og einnig Frakkland. Að sjálfsögðu var ýmislegt áhugavert einnig gert hér heima á fróni.

## FJALLAMENNSKA

### Útlönd

### Grænland

Karl Ingólfsson og Per Olov Vikberg fóru í þriggja vikna ferð til Grænlands. Þeir héldu til fjallaklasa, norður af botni Loðnufjardar (Ammassalik) á vesturströndinni. Þar gengu þeir á allmög fjöll, mest á þelamerkurskiðum, en á milli áfangastaða var ferðast um á hundasleðum og bátum. Svæði þetta er að þeirra sögn, mjög álitlegt til fjallamennsku og ferðalaga. Enda er landslag fjölbreytt og hæðarmunur á fjöllum allt að 2000 metrar. Þar má meðal annars stunda klettaklifur eða sigla á kayak, allt eftir hvað hugurinn girmist. Áætlunarflug er frá Íslandi allan ársins hring á þetta svæði og er undirbúningur og umstang svipað og við Hornstrandaförð.

Sigríður Ólafsdóttir, Haraldur Örn Ólafsson, Guðmundur Eyjólfsson og Guðmundur Gunnarsson fóru í gönguferð syðst á Grænlandi í september síðastliðnum. Þau flugu til Narssassuaq en þau tóku þaðan bát til Narssaq og aftur suður í Ketilsfjörð. Gengu þau yfir í Tupaussatfjörð, í Paradísardal og niður að Paradísarvatni. Við vatnið er stærsti birkiskógr Grænlands. Á

þessum slóðum er mikið um fisk í ám og vötnum, stórum matarmiklum sveppum og berjum og áttu leiðangursmenn því ekki við sultarvandamál að stríða í þessari ferð. Þau enduðu sína sjö daga göngu í þorpinu Tasiussaq.

Ingimundur Stefánsson, Halldóra Sif Gylfadóttir, Jón Viðar Sigurðsson og Unnur Svavarasdóttir fóru líka til Grænlands.

Flogið var til Narssassuaq þaðan sight til Qaqortoq (Julianehåb) og dalin ein nött. Síðan var sight í suðaustur til Ketils- eða Tassermiutfjardar. Vedor hamlaði för á áfangastað, og í stað þess að fara gangandi fjallahring eins og til stóð, var gengið austanmegin í Ketilsfirði og skoðuð stórkostleg fjallasýn. Hittu þau þar fyrir hóp klifrara m. Stefan Glowacs í broddi fylkingar, en þeir voru að klifa um 1200m háan veg í fjalllinu Ula Mertsøq (ca. 2000m). Úr Ketilsfirði var haldið inn í Quingodalen eða Paradísardalinn við Tassermiutvatn. Skildu þar leiðir og hélt tvennt til Narssassuaq til að ná flugi til Íslands þann 14. júlí, en hin tvö eyddu 4 dögum til viðbótar í Grænlandi.

### Slóvakia

Valgeir Ingólfsson og Kristjón Jónsson heimsóttu Slóvakíu í júlí. Þeir fóru í Tatras-fjöllin í N-Slávákíu og sigrúðu þar einn tind, Gerlachovský Stit 2655m l-lll gráðu skemmtilegt brölt. Þeir félagar voru nokkuð glaðir með þetta svæði, þarna eru granit klifurleiðir af öllum stærðum og gerðum og auðvelt er að stunda þarna flestar gerðir fjallamennsku. Öll þjónusta er á svæðinu og er verðlag mun lægra en t.d. í ölpunum. Þeir félagar fóru einnig í frönsku alpana og gengu þar Goûterleiðina á Mont Blanc.

Olli í Ölpunum. Á Pyramid du Tacul.  
Ljósmynd Tómas Júlíusson.

### Alpar

Eiríkur Stefánsson, Garðar P. Magnússon, Ingólfur Haraldsson og Markús Pétursson, allt félagar úr HSSH, fóru á fjallamennskunámskeið hjá ISM í Leysin í Sviss í sumar. Að því loknu fóru þeir til Chamonix í Frakklandi og þaðan á Mont Blanc eftir Brenva hryggnum. Af tindinum var haldið niður að kláfstöðinni á Aig. du Midi en á þeiri leið er gengið yfir two tinda, Mt. Maudit og Mt. Blanc du Tacul. Sú leið hefur verið býsna vinsæl meðal íslendinga á undanförnum árum og í sumar. Hafnarfjardarskátarinn fóru einnig til Berner Oberland í Sviss, og gengu þar á two tinda, þar á meðal Fuschorn sem er um 3700 metrar. Að auki var líka farið á





Lambatindur. Leiðin liggur upp gil að framanverðu í miðju „fésinu”.  
Ljósmynd Leifur Örn Svavarsson.

nokkur klettklifursvæði með tilheyrandi brölti og söldýrkun.

Í júlmánuði síðastliðnum fóru fjórmenningarnir Geir og Magnús Gunnarssynir, Þorvaldur Þórsson og Tómas Júlíusson í frónsku Alpana. Fyrst voru gengnar hefðbundnar leiðir á Mont Blanc en að því loknu var haldið upp í Vallée Blanche og gist þar. Í þessari ferð gengu Geir og Magnús yfir Tacul og Maudit á Blankinn, en það var önnur tilraun þeirra á premur dögum. Fyrr höfðu þeir þurft að snúa við í 4500m sökum hausverks. Tómas og Þorvaldur fóru hins vegar Rebuffat-leiðina á Aiguille du Midi og aðra skemmtilega klifurleið á Pyramid du Tacul. Þegar leið að lokum ferðar færðu þeir sig yfir til Sviss og reyndu við Hörnlí hrygginn á Matterhorni. Þar urðu félagarnir, í um 3800m, frá að hverfa vagna snjókomu og skafrénnings.

Ásmundur Ívarsson og Jökull Bergmann fóru einnig í alpana í sumar, ósamt frónskum félaga sínum, Grégory Facon. Þeir byrjuðu á því að fara í Bernina alpana á N-Ítalíu og klifruðu þar tvær leiðir, Punta Allievi (3121 m) (spigalo sud, voie Gervasutti) 550 m af gráðu TD, og Piz Badile (3308 m) (spigalo nord) 800m D. Þeir klifruðu einnig á Sasso Remeno sportklifursvæðinu. Eftir það færðu þeir sig yfir til Chamonix og lögðu til atlögu við Route Major á Mont Blanc. Frá Giglioní

skálunum voru þeir tíu tíma á toppinn en allir klettar voru ísádir á leiðinni sem er 1450 m og af gráðu TD. Þess má geta að þetta var í fyrra skipti sem leiðin var farin þetta sumar. Jökull og Ásmundur enduðu síðan á að klifra þrjár kletta leiðir á Mont Blanc svæðinu, Premiere Pointe des Nantillons TD+, Tour Verte TD+ og Tour Rouge TD+.

## Ísland

### Suðausturland

#### Hrútfjallstindar

Heimsóknum á Hrútfjallstinda hefur fjölgð verulega á undanförnum árum og voru þessir páskar engin undantekning. Flugbjörgunarsveitarmenn fjölmenntu í tilefni þess að 41 ár voru líðin frá því að þeirar félagar gengu fyrst á tindana. Fleiri hópar gengu á Hrútfjallstinda, þar af nokkrir upp suðurhlíðina á Eystra-Hrútfjalli, en þykir ekki ástæða til að tíunda það hér.

#### Brunnhorn

Valdimar Hardarson, Guðni Bridde og Björgvin Richardsson klifu Brunnhorn um Hvítasunnuhelgina '94. Leiðin sem þeir fóru er 3 til 4 spannir að lengd. Þarna ku vera berg þokkalegt til klifurs en óbalerfiðleikarnir í klifrinu voru í síðustu spönn (3. gráða). Leiðin mun hafa verið hin skemmtilegasta að frátdoldum fílum, sem mikil er af á þessum slöðum. Ferðin tók tæpa 5 tíma og gekk vel þrátt fyrir línuslit og rifbeinsbrot.

#### Lómagnúpur

Lómagnúpur var heimsóttur í sumar eftir langt hlé. Þessi rúmlega 400 metra hái veggur hefur heillað margan

klifrarann til uppgöngu en síðast er vit að um klifrara þar fyrir um 13 árum. Í þetta skiptið gerðu Páll Sveinsson, Guðmundur Helgi Christensen og Hallgrímur Magnússon tilraun, vestan megin í gnúpnum. Eftir um tvær spannir snéru þeir við reynslunni ríkari en ekki er óliklegt að þeir verði á ferðinni aftur næsta sumar.

## Þumall

Fjöldamet var slegið á Þumli þegar Hjálparsveit skáta Reykjavík kom 19 manns á toppinn í árlegri snjóbláferð þeirra um Vatnajökul í júní. Það má líka segja að tvö önnur met hafi verdi slegin því elsti þáttakandinn var 62 ára og sá yngsti 12 ára.

### Suðurland

Leifur Örn Svavarsson, Hjörleifur Finnsen og Jón Gauti Jónsson klifu ís-hamrana eða jökulstálið austan við svonefndna Hátindaleið á Eyjafjallajökul. Ferðin gekk ágætlega hjá þeim en hins vegar er alls ekki mælt með þessari leið vegna íshruns sem getur orðið á hvaða tíma sólarhrings sem er. Lengd klifurleiðarinnar er um 200 metrar.

### Suðvesturland

#### Glymur

Án efa er ferð þeirra Páls Sveinssonar, Magnúsar Gunnarssonar og Þorvalds Þórssonar, síðastliðinn vetur, upp Glym í Hvalfirði, athyglisverðasta fréttin af Suðvesturhorninu. Í marsþyrjun klifu þeir Glym við sæmilegar aðstæður og tók klifrið um 8 tíma. Annars staðar í ritunu má lesa grein um ferðina.



Útilegumenn í Veðileysufirði: Karl Ingólfsson og Hjörleifur Finnsen. Ljósmynd Leifur Örn Svavarsson.

### Brynjudalur

Í janúarmánuði síðastliðnum klifu þeir Jón Haukur Steingrímsson og Guðni Bridde nýja ísleid í Brynjudal. Leiðin er í sunnanverðu Múlafjalli, nokkuð fyrir austan Ingunnarstöð og leið 19 (sjá leiðarvísí) og er eiginlega innsta mögulega leiðin í hamrabeltinu. Leiðin er um 60 metra löng og af 5. grádu.

### Búahamrar

Björn Vilhjálmsson og Snævarr Guðmundsson fóru í Búahamra í haust og klifruðu þar afbrigði af leið sem þeir höfðu farið 2 árum áður. Afbrigðið er af grádu 5.7.

### Vesturland

Við vestanverðan Álfafjörð á Snæfellsnesi er lítið nafnlaust fell. Þar klifu Árni Birgiðsson og Bergsveinn Jóhannesson um 20 metra háan ísfoss af 3. grádu. Í þvergili undir sunnanverðu Hafursfelli eru þrír stuttir og auðveldir fossar, fóru þeir félagar einn af þeim.

Í austanverðu Hafursfelli er svo annað gil heldur meira um sig. Þar fór hópur úr Björgunarsveitinni Ingólfum um 200 metra leið af 3. grádu. Liggur leiðin eftir miðju gilinu í nokkrum stöllum, er sá hæsti um 10 metrar.

### Vestfirðir

Páskadögum 1993 eyddu Leifur Örn Svavarsson, Hjörleifur Finnsson og Karl Ingólfsson á Ströndum. Þar gengu þeir og klifu fjöldu tinda og leiða. Í Reykjafjardarkambi er um 50 metra há kletta-



Á Hnappavöllum. Rótarfjallstindur og Hnapparnir í baksýn.

Ljósmynd Árni Gunnar Reynisson.

spíra sem þeir klifu, líklega fyrstir manna. Þá gengu þeir á Pottfjall eftir norðurhrygg en niður norðausturhrygg. Áðalerfiðleikarnir voru í síðustu 30 metrum en annars var þetta tiltölulega auðveld ferð. Lambatindur, sem er líklega flestum kunnur úr samnefndri sjónvarpsþáttaröð, klifu þeir félagar einnig. Leiðin sem þeir fóru er um 300 til 400 m löng af 3. grádu og er svipuð leiðum í Skardshéði. Er hún í vesturvegg tindins.

### Norðurland

#### Kinnin

Í Kölđukinn í Ádaldað fór Jón Haukur Steingrímsson ásamt félögum í HSSA og

FBSA í febrúar '94 150 m ísleid af 3. grádu. Leiðin liggur norðarlega í Kinninni. Áðalerfiðleikarnir felast í tveimur 10 til 15 m íshöftum í leiðinni.

### Hörgárdalur

Í Hörgárdal við mynni Þorvaldsdals myndast ísfoss í gili sem Syðri Tunguá rennur um. Hann er um 50 m á hæð og um 8 m á breidd og er hægt að velja um leiðir af þriðju til fjórðu grádu. Akureyringarnir Óttar Kjartansson, Sigurður Sæmundsson og Ólafur Kjartansson klifruðu þriðju grádu leið í fossinum um þáska '94 og ákvádu að nefna hana Sprettur.

### Austurland

Guðjón Snær Steindórrsson og Snævarr Guðmundsson klifu hæstu Súluna við Breiðdalsvík í júlí 1994. Bergið er mjög laust og ekki beint áhugavert fyrir klettaklifur. Þetta svæði myndi frekar henta sem ísklifursvæði á veturna. Á tindinum fundu þeir vörðu og skilabod, sem komið var fyrir árið 1989 og á stóð nafnið Pétur Reymarsson. Hann mun búa á fjörðunum. Fleiri austfirðingar fóru á Súluna nokkrum dögum seinna og í samtali við einn þeirra kom í ljós að hún hafði fyrst verið klifin árið 1975.

### SPORTKLIFUR



Stjórn Ísalp 1994. Efri röð: Jón Þorgrímsson, Ingimundur Stefánsson, Páll Sveinsson og Elín Sigurdardóttir. Nedri röð: Árni Gunnar Reynisson, Magnús Tumi Guðmundsson og Linda Björk Þórdardóttir. Ljósmynd Hörður Magnússon.

Sumarið 1994 var ekki gott veðurslega sérð en menn voru þrátt fyrir það nokkuð idnir við að klifra. Þó hafa ekki verið settar upp margar nýjar leiðir í sumar. Í júní gafst ekki færi á að fara

á Hnappavelli vegna rigninga en í staðinn fóru menn nordur í land, í Munkabær og Vatnsdal. Engar nýjar leiðir voru farnar, þó voru menn að hreinsa og bolta leiðir sem sennilega verða farnar á komandi sumri. Í Vatnsdal er nú í athugun að endurbolta svæðið.

A Suðurlandi var klifrað af kappi og nýjar leiðir gerðar. Byrjað var að endurbolta Valshamar og verður það trúlega klárað í vetur. Í Stardal mátti sjá mörg ný andlit og á Stefán S. Smárasón nokkurn þátt í því. Í sumar bað Hann upp á klettaklifurnámskeið og var þátttaka á þau nokkuð góð. Í Búahómrum er verið að vinna nýtt svæði, þrjár leiðir hafa verið boltaðar í slútandi klett sem sennilega verða reyndar næsta sumar.

Oft var margt um manninn á Hnappavöllum, þegar til þess viðbraði, enda um að reða besta klifursvæðið á landinu. Þrjár nýjar leiðir voru farnar þar í sumar. Leyfi hefur fengist fyrir kamaradstöðu á Hnappavöllum og vill klúbburinn þakka bændum þar fyrir einstaka hlíju í okkar garð.

#### Bandaríkin 1994

Í septemberþíðin fóru Björn Baldursson og Þórarinn Pálsson vestur til Bandaríkjanna, þar þeir sem dvöldu í 6 vikur við klifur. Í Denver í Colorado tók Guðmundur Helgi Christensen á móti þeim, en hann býr í Boulder í sama fylki ásamt Jórunni Hardardóttur. Í nágrenni Boulder var klifrað í Eldorado-gljúfri og Boulder-gljúfri en því næst var haldið í ferð um Bandaríkin.

Fyrsti viðkomustaður var Raf sem er nýjasta og sennilega stærsta sportklifursvæði í Bandaríkjunum. Þar risa háir slútandi kalksteinsveggir sem bjóða upp á erfðar og skemmtilegar leiðir (Björn klifraði leiðir af gráðu 5.13b (8a) en Guðmundur Helgi og Þórarinn 5.12a (7a+)).

Eftir viku dvöl í Rafael var haldið til Toulumne Meadows í Kaliforníu og í Yosemite dalinn.

Í Nevada var klifrað í Red Rocks en það var næsti áfangastaður í Kaliforníu. Þar var u.p.b. 38°C hiti og þar að meðal ein þekktasta lengri leiðin sem nefnd er Levitation 29. Á þeim slóðum fóru þeir einnig á kalksteinssvæði í fjöllunum fyrir ofan Las Vegas og nefnt er Mt. Charlestown.

Snævarr prunkinn í sumarselunni á Hnappavöllum.  
Ljósmynd Árni Gunnar Reynisson.


Í Indian Creek í Utah dvöldu þeir í tvo daga. Á þeim tíma voru hinar ýmsu sprungur klifnar en það má segja að þessi staður sé paradís „prungu-klifra”. Sprungurnar eru svo beinar og reglulegar að aðeins er hægt að nota vini. Guðmundur Helgi átti góðan dag þegar honum tókst að klifra leiðina Super Corner, í fyrstu atrennu.


#### Frakland

Veturinn '93 - '94 dvöldu þeir Árni G. Reynisson, Björn Baldursson og Stefán S. Smárasón í Suður-Fraklandi. Ætlunin var að læra frónsku og stunda klettaklifur þess á milli. Það tókst ágætlega og þó sýnu betur hið

síðarnefnda. Það er of langt mál að segja frá öllu því sem á daga þeirra dreif en auðvitað klifruðu strákarnir á fjölmögum svæðum í Evrópu. Fleiri íslendingar komu einnig við sögu í klifurferðum, þar á meðal Þórarinn Pálsson, Jón Geirsson og Inga Dagmar. Margar erfðar leiðir voru klifraðar á bilinu 5.12 - 5.13.


16 - 17 apríl tók Björn Baldursson þátt í Heimsbikarmótinu í Villach í Austurríki en gekk ekki sem skyldi. Honum hafði veginn vel í klettaum fyrir mótið en aðspurður sagði hann að mikil stress hafði fylgt keppninni og einnig að reynsluleysi í keppni of þessari stærð og langur tími í einangrun hafi haft mikil að segja.





Björn Baldursson í leiðinni Gift 5.12d í Gallery, Red Rocks.

Ljósmynd Guðmundur Helgi Christensen.



Þórarinn Pálsson í Voix í Suður-Frakklandi.

Ljósmynd Guðmundur Helgi Christensen.



Guðmundur Helgi Christensen í Indian Creek í Utah. Leiðin er Super Corner 5.12a. Ljósmynd Björn Baldursson.

# ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR ÍSALP 1993

## Stjórn

Stjórn ÍSALP 1992 skipuðu eftirtalinn: Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Páll Sveinsson varaförvaraður, Ingimundur Stefánsson gjaldkeri, Árni Gunnar Reynisson ritari, og Magnús Guðlaugsson, Linda Björk Þórdardóttir og Jón Þorgrímsson meðstjórnendur. Stjórnin hélt 11 fundi á árinu.

## Skálar

Farnar voru fjórar vinnuferðir í Bratta á árinu. Var skálinn máladráum að utan og innan, settar upp nýjar hillur og keyptar nýjar gashellur. Einna erfiðast hefur reynst að koma kolum í Bratta. Helst er að gera það að vetrarlagi á vélsleðum en Súlnadalur er það brattur að gott fær í þarf til sílksra ferða. Í fyrravetur komust kolin t.d. ekki nema spölkorn upp í dalinn og í sumar voru svo kolapokarnir fluttir á bakinu á tveimur stjórnarmönnum síðasta spólinn upp í skála. Jón Þorgrímsson er umsjónarmaður Bratta.

Farið var með kol og gas í Tindfjallaskála euk þess sem flutt var þangað járn og timbur til viðgerða og endurbóta. Ekki tókst að hrinda áætlaðri viðgerð í framkvæmd á árinu en stefnt að því að veita skálunum verulega andlitslyftingu næsta sumar, í tilefni af 50 ára afmæli hans.

Umsjónarmaður Tindfjallaskála er Guttormur B. Þórarinsson.

## Ferðir

Farnar voru 10 ferðir á árinu en allmargar ferðir félru niður, ýmist vegna þátttökuleysis eða sláms veðurs. Fjöldi þáttakenda var um 80. Fjölmennast var á klifurmótinu á Hnappavöllum 17.-20. júní þegar um 30 manns mættu. Er þetta líklega fjölmennasta klubbsferð frá upphafi.

Ferðanefn sá um gerð dagskrá en formaður hennar var Linda Björk Þórdardóttir.

## Námskeið

Fjögur námskeið voru haldin á árinu. Í febrúar var haldið vetrarnámskeið, í mai klettanámskeið, jöklanámskeið var í Kerlingarfjöllum í júní og ísklifurnámskeið var í september.

Mest var þátttakan á jöklanámskeiðinu

(11 nemendur) en fæst var á ísklifurnámskeiðinu (2 nemendur).

## Félagsheimilið

Unnið var að frekari uppyggingu aðstöðunnar hér í Mörkinni. Keyptar voru nýjar hillur fyrir bókasafnið þ.a. hægt var að koma öllum bökum fyrir í hillum. Þá var fyrir jólín tengdur simi inn í fundahverbergið og hefur nú Alpaklúbburinn sitt eigið símanúmer 811700. Síminn er tengdur við símsvara sem gefur upplýsingar um klúbbinn og hvar hægt er að ná í forsvarsmenn hans. Auk þess sem síminn verður stjórn og nefndum til talsverðs hagreðis á fundum, þá ætti símsvararinn að auðvelda utanákomandi fólk að ná sambandi við klúbbin.

Í samvinnu við Ferðafélagið, 4x4 og Jöklarannsóknafélagið var haldin myndasamkeppni síðastliðið haust. Þema keppnirnar var ferðalög í náttúru Íslands. Á annað hundrað myndir bárust og hefur dómnefnd, skipuð einum fulltrúa frá hverju félagi, valið 15 myndir til verðlauna. Þessar myndir verða hengdar upp hér í salnum í Mörkinni og verður verðlaunaafhending á næstu vikum. Eiga verðlaunamynindirnar að prýda veggina hér í salnum í risinu næstu árin.

Opin hús voru flest miðvikudagskvöld, aðeins var lokað kringum jól og áramót. Skráningar í gestabók á opnum húsum voru á 7. hundrað, heldur fleiri en á síðasta ári.

Árhátið var haldin í febrúar og jölaglögg í desember. Hvortveggja tókst með ágætum og var fjölmenni mikið (yfir 50 manns) þegar leid að kvöldið í bádum tilfellum.

## Útgáfan

Ársrit ÍSALP fyrir 1992 kom út í febrúar. Á vordögum varð mikil endurnýjun í ritnefnd en ekki tókst þó að koma 1993 heftini út á árinu. Það að nái skammt ófarid í prentsmiðjuna og ætti að koma fyrir sjónir félaganna í mars.

Ábyrgðarmaður ársritsins er Torfi Hjaltason. Góð von er hins vegar til þess að ársrit fyrir 1994 komi út á haustdögum því ritnefndin hefur unnið talsvert að efni-ísflun fyrir það hefti.

Fréttabréfið kom út 7 sinnum á árinu, þar af voru þrjár aukaútgáfur. Ritstjóri fréttabréfsins er Linda Björk Þórdardóttir.

## Félagatal

Skrádir félagar um síðustu áramót voru 314. Allmargir voru strikaðir út af félagskrá vegna vanskila en á móti bætist við talsvert af nýjum félögum. Félagatalið stóð því nokkurn veginn í stað á árinu. Gerð var tilraun til að rukka árgjöld með því að ganga í hús. Ekki reyndist þessi aðferð eins árangursrík og búist var við, því í ljós kom að margir hafa vanrækt að tilkynna um flutninga sem jölf mjög umstang og erfiði rukkara. Einnig var mikil vinna fyrir gjaldkeri að stjórnna aðgerðum. Hefur því verið ákveðið að hverfa aftur til giroseðlanna þar sem vinnusparnaður af þeim er mikill.

## Önnur mál

Á síðasta aðalfundi var samþykkt ályktun um inngöngu ÍSALP í alþjóðasamband alpaklúbba, UIAA. Umsókn var send í júní og í október varð Alpaklúbburinn fullgildur meðlimur í sambandinu. Aðildin opnar félögum leid í erlendar klifurkeppnir og auðveldar útvegum leyfa til klifurleidangra í Himalaya. Einnig geta félagar keypt afsláttarkort á gistingu í fjallaskálum í Ölpunum. Reyslan mun svo skera úr um hvort aðildin skilar okkur þeim ávinningu sem vonast er til.

Í febrúar tók Alpaklúbburinn þátt í vetrardögum í Kringlunni. Var settur upp kynningarbás með veggspjöldum og myndbandi og starfsemin kynnt gestum og gangandi.

Í júní tóku fulltrúar klúbbsins þátt í skemmtipættinum Slett úr klaufunum í Ríkissjónarvinum. Tókst sjónvarpsþátturinn með ágætum og fækkt þar góð kynning á starfinu.

Í nóvember héldu þrír félagar klúbbsins myndasýningu á Hótel Sögu um ferð sína yfir Grænlandsjökul síðastliðið vor. Hús-fyllir var, enda sóttu sýninguna um 300 manns.

Klifurkeppni var haldin í húsnæði Fiskakletts á sumardaginn fyrsta. Þátttakendur voru á annan tug og sýndu skemmtilega keppni. Mótsstjóri var Páll Sveinsson.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plöginn með vinnu í nefndum, erindum á opnum húsum og umsjón með ferðum og skemmtunum, fyrir þeirra framlag.

# Ársreikningar ÍSALP 1993

## Rekstrarreikningur

### Gjöld

Ársrit 1992 .....	403.907
Fréttabréf .....	79.799
Áskrift tímarita .....	15.213
Rekstur Tindfjallaskála .....	42.601
Rekstur Bratta .....	30.373
Innheimtukostnaður vegna árgjalda og sendingarkostnaður ársrits .....	52.830
Laun v/innheimtu .....	37.601
Skemmtanir .....	25.805
Múrboltar v/Hnappavalla .....	10.154
Leiðarspjöld .....	18.488
Námskeið .....	6.633
Annar kostnaður .....	23.597
Afskriftir .....	44.575

Gjöld alls:	791.576
Tekjur umfram gjöld:	278.695
Samtals:	1.070.271

### Tekjur

Félagsgjöld 1992 (165) .....	429.385
Félagsgjöld 1993 (49) .....	128.700
Auglysingatekjur ársrits .....	262.919
Auglysingatekjur fréttabréfs .....	30.000
Sala ársrita .....	5.800
Sala leiðarvísa .....	9.800
Gistigjöld .....	75.964
Vextir .....	7.039
Sjoppa .....	7.486
Skemmtanir .....	48.513
Endurgreiddur VSK .....	30.165
Leiðarspjöld .....	22.500
Myndbandasjóður .....	2.000
Gjöf Árna Birgissonar (sjónvarp og myndbandst.)	10.000

Tekjur alls:	1.070.271
Samtals:	1.070.271

## Efnahagsreikningur

### Eignir

Ávísanareikningur 1371 LÍ .....	230.326
Gíróreikningur .....	120.044
Kjörbók .....	100.198
Bratti .....	400.241
Litskyggnevél .....	3.000
Sjónvarp .....	5.000
Myndbandstæki .....	5.000
Bókasafn .....	70.094
Hillur .....	16.510
Húsgögn .....	66.925
Útværpstæki .....	8.600
Skuldunautar .....	63.500

Samtals:	1.089.438	Samtals:	1.089.438
----------	-----------	----------	-----------

### Skuldir

Höfuðstóll 1/1 .....	810.743
Tekjur umfram gjöld .....	278.695

Reikning þennan hef ég endurskoðað og borðið saman við fylgiskjöl og sé ekki ástæðu til að gera athugasemdir.

Reykjavík, 2. febrúar 1994

*Einar Hrafnkell Haraldsson (sign)*

# Stuðningur og sveigjanleiki við hvert fót mál



Þúsundir Íslendinga geta borið yitni



um að Scarpa gönguskórnir eru sérlega vandaðir og haganlega gerðir.



Í Skátabúðinni fást fjölmargar tegundir af Scarpa gönguskóm fyrir alla fjölskylduna



og reyndir starfsmenn aðstoða þig við að finna hentuga



miðað við þau not

og þægilega skó sem þú hefur í huga.



Snorrabraut 60 • Sími 61 20 45